

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1238

2025/EES/33/18

frá 20. júní 2019

um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Heimili í Sambandinu eru á meðal þeirra sem leggja mest fyrir í heiminum, en megnið af þessum sparnaði er á bankareikningum með stuttan líftíma. Meiri fjárfesting á fjármagnsmörkuðum getur stuðlað að því að mæta áskorunum sem hækkandi aldur þjóða og lágir vextir hafa í för með sér.
- 2) Ellilífeyrir er stærstur hluti af tekjum fólks á eftirlaunum og fyrir marga ræður fullnægjandi lífeyrir því hvort þægilegu lífi eða fátækt sé lífað í ellinni. Lífeyrir er forsenda fyrir nýtingu grundvallarréttinda sem mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. 25. gr. um réttindi aldraðra, þar sem segir: „Sambandið viðurkennir og virðir rétt aldraðra til lífs sem einkennist af reisn og sjálfstæði og til að taka þátt í félags- og menningarlífi.“
- 3) Sambandið stendur frammi fyrir nokkrum áskorunum, þ.m.t. lýðfræðilegum áskorunum vegna þess að Evrópa er álfa þar sem fólk er að eldast. Að auki eiga sér stað róttækar breytingar á starfsferlum, vinnumarkaðnum og dreifingu auðs, ekki síst sem afleiðing af stafrænu byltingunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 52, 4.7.2024, bls. 52.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 81, 2.3.2018, bls. 139.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 4. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. júní 2019.

- 4) Verulegur hluti ellilífeyris er veittur samkvæmt opinberu kerfi. Þrátt fyrir að skipulagningin á lífeyriskerfi falli undir óskiptar landsbundnar valdheimildir eins og ákvarðað er í sáttmálunum, eru nægjanlegar tekjur og fjárhagsleg sjálfbærni landsbundnu lífeyriskerfanna mikilvæg fyrir stöðugleika í Sambandinu sem heild. Með því að beina meira af sparnaði Evrópubúa úr reiðufé og bankainnstæðum í langtímafjárfestingarafurðir, s.s. valkvæðar lífeyrisafurðir sem einkennast af langtímamarkmiði um lífeyri, yrðu áhrifin af því hagstæð, bæði fyrir einstaklingana (sem hagnast myndu af hærri ávöxtun og betri lífeyri) og fyrir hagkerfið í víðara samhengi.
- 5) Árið 2015 bjuggu 11,3 milljónir borgara Sambandsins á vinnualdri (20 til 64 ára) í öðru aðildarríki en aðildarríkinu þar sem þeir höfðu ríkisfang og 1,3 milljónir borgara Sambandsins unnu í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki sínu.
- 6) Flytjanleg samevrópsk séreignarsparnaðarafurð (e. *pan-European Personal Pension Product (PEPP)*) sem einkennist af langtímamarkmiði um lífeyri mun hafa aukið aðdráttarafl sem afurð, einkum fyrir ungt fólk og farstarfsmenn, og stuðla frekar að rétti borgara Sambandsins til að búa og starfa alls staðar í Sambandinu.
- 7) Séreignarlífeyrir er mikilvægur til að tengja langtímasparifjáreigendur við langtímafjárfestingartækifæri. Stærri evrópskur markaður fyrir séreignarlífeyri mun styðja við framboð á fjármagni fyrir stofnanaðilríki og fjárfestingar í raunhagkerfinu.
- 8) Með þessari reglugerð er heimilt að búa til séreignarsparnaðarafurð sem einkennist af langtímamarkmiði um lífeyri og tekur, eins og unnt er, tillit til umhverfis-, félags- og stjórnnarþátta (UFS-þátta) (e. *ESG factors*) eins og um getur í meginreglum um ábyrgar fjárfestingar sem njóta stuðnings Sameinuðu þjóðanna. Afurðin verður einföld, áreiðanleg, á sanngjörnu verði, gagnsæ, neytendavæn og flytjanleg innan Sambandsins alls og kemur til viðbótar við fyrirbyggjandi kerfi í aðildarríkjunum.
- 9) Sem stendur virkar innri markaðurinn fyrir séreignarsparnaðarafurðir ekki hnökralaust. Í sumum aðildarríkjum er enn ekki til staðar markaður fyrir séreignarsparnaðarafurðir. Í öðrum eru séreignarsparnaðarafurðir í boði en mikil uppskipting á milli landsbundinna markaða. Afleiðing þessa er að séreignarsparnaðarafurðir eru aðeins að takmörkuðu leyti flytjanlegar. Þetta getur leitt til þess að einstaklingar eigi erfitt með að nýta grundvallarfrelsi sitt. Til dæmis getur slíkt fyrirkomulag komið í veg fyrir að þeir geti ráðið sig í vinnu eða farið á eftirlaun í öðru aðildarríki. Að auki er möguleiki framleiðenda á að nýta staðfesturéttinn og frelsi til að veita þjónustu skertur vegna þess að þær séreignarsparnaðarafurðir sem fyrir eru á markaðnum eru ekki nægilega staðlaðar.
- 10) Þar sem innri markaðurinn fyrir séreignarsparnaðarafurðir er uppskiptur og margvíslegur gætu áhrifin af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum verið mjög ólík frá einu aðildarríki til annars og markhópurinn álíka mismunandi. Í sumum aðildarríkjum gætu samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir verið lausn fyrir fólk sem ekki hefur aðgang að fullnægjandi lausnum. Í öðrum aðildarríkjum gætu samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir fjölgað valmöguleikum neytenda, eða boðið lausnir fyrir borgara á faraldsfæti. Ekki ætti þó að miða að því að leysa af hólmi núverandi landsbundin lífeyriskerfi með samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum, þar sem þær eru séreignarsparnaðarafurðir til viðbótar og fyllingar.

- 11) Samband fjármagnsmarkaða (*e. capital markets union* (CMU)) mun hjálpa til við að virkja fjármagn í Evrópu og beina því til allra fyrirtækja, þ.m.t. lítilla og meðalstórra fyrirtækja, innviða og sjálfbærra langtíma verkefna sem þarfnast þess til vaxtar og til að skapa störf. Eitt af meginmarkmiðum sambands fjármálamarkaða er að auka fjárfestingu og fjölga valkostum fyrir almenna fjárfesta með betri nýtingu sparnaðar í Evrópu. Í þeim tilgangi mun samevrópsk séreignarsparnaðarafurð vera skref fram á við til aukinnar samþættingar fjármagnsmarkaða vegna þess hún styður við langtíma fjármögnun raunhagkerfisins þegar tekið er tillit til afurðarinnar sem hefur einkenni langtíma markmiðs um lífeyri og sjálfbærni fjárfestinganna.
- 12) Eins og tilkynnt var í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót sambandi fjármálamarkaða frá 30. september 2015: „Framkvæmdastjórnin mun meta möguleika á stefnuramma til að koma á árangursríkum evrópskum markaði fyrir einfalt, skilvirkt og samkeppnishæft séreignarlífeyrisfyrirkomulag, og ákvarða hvort þörf sé fyrir Evrópulöggjöf til að undirbyggja þann markað“.
- 13) Í samþykkt Evrópuþingsins frá 19. janúar 2016 um stöðu og áskoranir fyrir reglusetningu Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu: Áhrif og leiðir fram á við að árangursríkari og skilvirkari lagaramma Evrópusambandsins fyrir fjárhagsreglugerð og samband fjármagnsmarkaða ⁽³⁾, lagði Evrópuþingið áherslu á „að hlúa verði að umgjörð sem örvi nýbreytni í fjármálaafurðum, skapi meiri fjölbreytni og ávinning fyrir raunhagkerfið og aukinn hvata til fjárfestinga, og sem einnig stuðli að veitingu fullnægjandi, áreiðanlegs og sjálfbærs lífeyris, s.s. eins og þróunin á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, sem útfærð er á einfaldan og gagnsæjan hátt“.
- 14) Í niðurstöðu fundar leiðtoga ráðsins frá 28. júní 2016 var kallað eftir „skjótri og ákveðinni framþróun til að tryggja auðveldara aðgengi að fjármögnun fyrir fyrirtæki og til að styðja við fjárfestingu í raunhagkerfinu með því að halda áfram með áætlunina um samband fjármagnsmarkaða“.
- 15) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. september 2016 um samband fjármagnsmarkaða — hröðun umbóta, tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún „muni taka til athugunar tillögur um einfalda, skilvirka og samkeppnishæfa séreignarlífeyrisafurð Sambandsins [...] Til valkosta sem væru til skoðunar heyrði möguleg tillaga að nýrri löggjöf sem leggja mætti fram 2017“.
- 16) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. júní 2017 um endurskoðun á miðju tímabili aðgerðaráætlunar sambands fjármagnsmarkaða, tilkynnti framkvæmdastjórnin „tillögu að nýrri löggjöf um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (PEPP) fyrir lok júní 2017. Með henni mun lagður grunnur að öruggari, kostnaðarhagkvæmari og gagnsærri markaði með viðráðanlegan og valfrjálstan séreignarlífeyrissparnað sem hægt er að stýra á samevrópskum skala. Tillagan mun koma til móts við þarfir fólks sem vill auka við eftirlaunasparsinn sinn, taka á lýðfræðilegum áskorunum, vera til viðbótar núverandi lífeyrisafurðum og kerfum, og styðja við kostnaðarhagkvæmni séreignarlífeyris með því að bjóða upp á tækifæri til langtíma fjárfestinga með lífeyrissparnaði“.
- 17) Þróun samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar mun stuðla að fleiri valkostum fyrir eftirlaunasparsinn, einkum fyrir farstarfsmenn, og koma á markaði í Sambandinu fyrir framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar (*e. PEPP provider*). Hún ætti þó eingöngu að vera til fyllingar við opinber lífeyriskerfi.
- 18) Fræðsla á sviði fjármála getur aukið skilninginn á og vitundina um sparnaðarvalkosti heimila á sviði valfrjálsra séreignarafurða. Sparifjáreigendur ættu einnig að eiga góða möguleika á að skilja áhættuna og eiginleikana sem tengjast samevrópskri séreignarsparnaðarafurð.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 11, 12.1.2018, bls. 24.

- 19) Lagarammi fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð mun leggja grunninn að árangursríkum markaði fyrir viðráðanlegar og valfrjálssar eftirlaunatengdar fjárfestingar sem hægt er að stýra á samevrópskum skala. Með því að vera viðbót við núverandi lögboðin og starfstengd lífeyriskerfi og afurðir mun hún geta mætt þörfum fólks sem vill auka við eftirlaunasparnað sinn, taka á lýðfræðilegum áskorunum og vera ný öflug uppspretta einkafjármagns til langtímafjárfestinga. Þessi rammi mun ekki koma í staðinn fyrir eða samræma núverandi landsbundnar séreignarafurðir eða -kerfi, né mun hann hafa áhrif á núverandi landsbundin lögboðin og starfstengd lífeyriskerfi og afurðir.
- 20) Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð er einstaklingsbundin lífeyrisafurð sem ekki er starfstengd, sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar (*e. PEPP saver*) gerist aðili að í tengslum við starfslok. Þar sem samevrópsk séreignarsparnaðarafurð ætti að kveða á um uppsöfnun fjármagns til langs tíma ætti möguleiki til snemmbærrar úttektar á fjármagni að vera takmarkaður og hugsanlega varða skerðingum.
- 21) Með þessari reglugerð eru samræmd nokkur megineinkenni samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem varða lykilþætti eins og dreifingu, lágmarksinnihald samninga, fjárfestingarstefnu, skipti á framleiðanda eða framboð yfir landamæri og flutning. Samræming þessara megineinkenna mun bæta jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðendur séreignarlífeyris almennt og stuðla að því að fullgera samband fjármagnsmarkaða og samþættingu innri markaðsins fyrir séreignarlífeyri. Hún mun leiða til þess að búnar verða til samevrópskar afurðir sem að stærstum hluta eru staðlaðar og tiltækar í öllum aðildarríkjum, að neytendum verði kleift að nýta innri markaðinn til fulls með því að yfirfæra lífeyrisréttindi sín erlendis og að fleiri valmöguleikar verði í boði milli mismunandi tegunda framleiðenda, þ.m.t. yfir landamæri. Færri hindranir við veitingu lífeyrisþjónustu yfir landamæri hefur í för með sér að samevrópsk séreignarsparnaðarafurð mun auka á samkeppni milli framleiðenda á samevrópskum grunni og skapa stærðarhagkvæmni sem koma ætti sjóðfélögum til góða.
- 22) Samkvæmt 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er heimilt að samþykka gerðir hvort sem er í formi reglugerða eða tilskipana. Samþykkt reglugerðar er álitlegri kostur þar sem hún mun gilda í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Reglugerð mun því gera hraðari hagnýtingu á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni mögulega og stuðla að fljótari viðbrögðum við þörfinni fyrir meiri lífeyrissparnað og fjárfestingar innan sambands fjármagnsmarkaða. Með þessari reglugerð eru samræmd megineinkenni samevrópskra séreignarsparnaðarafurða sem ekki þurfa að falla undir sértækar landsbundnar reglur og þar af leiðandi virðist reglugerð henta betur en tilskipun í þessu tilviki. Á hinn bóginn falla þættir sem eru utan gildissviðs þessarar reglugerðar (t.d. skilyrði söfnunartímabils) undir landsbundnar reglur.
- 23) Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um samræmdar reglur um skráningu, veitingu, dreifingu og eftirlit með samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum. Samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir ættu að falla undir ákvæðin í þessari reglugerð, viðkomandi sérlög Sambandsins sem og tilsvareandi framseldar gerðir og framkvæmdargerðir. Að auki ættu lög sem aðildarríki hafa samþykkt við framkvæmd sérlaga Sambandsins að gilda. Ef eitthvað fellur ekki þegar undir þessa reglugerð eða sérlög Sambandsins ættu viðkomandi lög aðildarríkjanna að gilda. Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð ætti einnig að falla undir samning sem gerður er á milli rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar („samninginn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð“) (*e. PEPP contract*). Það eru nokkur lykileinkenni á afurðinni sem taka ætti með í samninginn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglur Sambandsins um alþjóðlegan einkamálarétt, einkum reglur í tengslum við lögsögu dómstóls og gildandi lög. Þessi reglugerð ætti auk þess ekki að hafa áhrif á löggjöf um samninga, félagsmálarétt, vinnulöggjöf og skattalög.
- 24) Í þessari reglugerð ætti að koma skýrt fram að samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð verði að hlíta öllum gildandi reglum. Enn fremur ætti í samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð að setja fram réttindi og skyldur aðilanna og helstu einkenni afurðarinnar. Fulltrúi hóps rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, s.s. óháð samtök rétthafa sem koma fram fyrir hönd þess hóps, gæti einnig gert samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð að því tilskildu það sé gert í samræmi við þessa reglugerð og gildandi landslög og að rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem gerast áskrifendur með þessum hætti fái sömu upplýsingar og ráðgjöf og rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem gera samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð annaðhvort beint við framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða í gegnum dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar (*e. PEPP distributor*).

- 25) Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að hafa aðgang að öllum markaði Sambandsins með einni afurðaskráningu sem veitt er á grundvelli sameiginlegra reglna. Til að markaðssetja afurð undir merkingunni „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ ættu umsóknarframleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að sækja um skráningu til lögbærra yfirvalda sinna. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir skráningu á núverandi séreignar-lífeyrisafurð sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um með þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld ættu að taka ákvörðun um skráningu ef sá framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem sækir um hefur lagt fram allar nauðsynlegar upplýsingar og ef til staðar er viðeigandi fyrirkomulag til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar. Eftir að lögbæru yfirvöldin hafa tekið ákvörðun um skráningu ættu þau að tilkynna það Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽⁴⁾, og til samræmis við það skrá framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og samevrópsku séreignarafurðina í miðlægu opinberu skrána. Slík skráning ætti að vera gild alls staðar í Sambandinu. Til að tryggja skilvirkt eftirlit með reglufylgni við þær samræmdu kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu allar síðari breytingar á upplýsingunum og skjölunum sem leggja skal fram í skráningarferlinu að vera tilkynntar samstundis til lögbæru yfirvaldanna og til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, eftir atvikum.
- 26) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að koma á miðlægri opinberri skrá fyrir upplýsingar um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir sem skráðar hafa verið og hægt er að bjóða og dreifa í Sambandinu, sem og um framleiðendur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og skrá yfir aðildarríki þar sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin stendur til boða. Ef framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar dreifa ekki samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, en geta opnað undirreikning fyrir það aðildarríki í því skyni að tryggja flytjanleika fyrir viðskiptavinum sína í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð (*e. PEPP customer*), ætti sú skrá einnig að innihalda upplýsingar um aðildarríkin sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður undirreikninga fyrir.
- 27) Það hvernig stofnanir um starfstengdan lífeyri (IORP), eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 ⁽⁵⁾, eru skipulagðar og háðar eftirliti er mjög mismunandi eftir aðildarríkjum. Í sumum aðildarríkjum er þessum stofnunum eingöngu heimilt að leggja stund á starfsemi tengda starfstengdum lífeyri á meðan þeim, þ.m.t. einingum með starfsleyfi sem bera ábyrgð á rekstri þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd, þegar stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa ekki réttarstöðu lögaðila, er heimilt að stunda starfsemi á sviði starfstengds lífeyris og séreignarsparnaðar í öðrum aðildarríkjum. Þetta hefur ekki einungis leitt til ólíks stjórnskipulags stofnana um starfstengdan lífeyri heldur einnig mismunandi eftirlits á landsvísi. Einkum er varfærnisefirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem hafa heimild til starfsemi á sviði starfstengds lífeyris og séreignarsparnaðar, víðara en með þeim stofnunum um starfstengdan lífeyri sem eingöngu annast starfstengda lífeyrisstarfsemi.
- Til að tefla ekki fjármálastöðugleika í tvísýnu og taka tillit til ólíks stjórnskipulags og eftirlits ætti eingöngu þeim stofnunum um starfstengdan lífeyri sem einnig hafa starfsleyfi til að bjóða séreignarsparnaðarafurðir og lúta eftirliti samkvæmt landslögum að vera heimilt að veita samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir. Enn fremur og til að vernda fjármálastöðugleika frekar ætti að halda öllum eignum og skuldbindingum sem samsvara starfseminni við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar aðskildum, án nokkurs möguleika til yfirfærslu þeirra til annarrar lífeyristengdrar starfsemi stofnunarinnar. Stofnun á sviði starfstengds lífeyris sem býður samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir ætti alltaf að hlíta viðkomandi stöðlum sem settir voru með tilskipun (ESB) 2016/2341, þ.m.t. ítarlegri fjárfestingarreglum sem mælt er fyrir um af aðildarríkjunum þar sem þau eru skráð eða með starfsleyfi, í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/2341 þegar sú tilskipun er lögleidd, og ákvæðunum um stjórnerfi þeirra. Þegar í þessari reglugerð er mælt fyrir um strangari ákvæði ættu slík ákvæði að gilda, eins og fyrir aðra framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
- 28) Sameiginlega flutningsskírteinið fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð (*e. single PEPP passport*) mun tryggja að til verði innri markaður fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir.
- 29) Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að geta dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þeir hafa framleitt og samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þeir hafa ekki framleitt, að því tilskildu slíkt sé í samræmi við viðkomandi sérlög. Dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að eiga rétt á að dreifa samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þeir hafa ekki framleitt. Dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu eingöngu að dreifa þeim afurðum sem þeir hafa viðeigandi þekkingu á og hæfi til, í samræmi við viðkomandi sérlög.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmda-stjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

- 30) Framleiðendur eða dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að veita væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ráðgjöf áður en samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður, að teknu tilliti til langtíamarkmiðs afurðarinnar um lífeyri, einstaklingsbundinna krafna og þarfa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og takmarkaðs innleysanleika. Ráðgjöf ætti einkum að miða að því að upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um eiginleika fjárfestingarkostanna, stig fjármagnsverndar og aðferðir við útgreiðslu.
- 31) Á grundvelli frelsis til að veita þjónustu og staðfesturéttarins geta framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar boðið samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum innan yfirráðasvæðis gístiaðildarríkis eftir að opnaður hefur verið undirreikningur fyrir það gístiaðildarríki. Til að tryggja hágæða þjónustu og skilvirka neytendavernd ættu heima- og gístiaðildarríki að hafa náð samstarf við að framfylgja skuldbindingunum sem settar eru fram í þessari reglugerð. Ef framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskra séreignarsparnaðarafurða eru með rekstur í mismunandi aðildarríkjum á grundvelli frelsis til að veita þjónustu ættu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að vera ábyrg fyrir að tryggja að skyldur sem settar eru fram í þessari reglugerð séu uppfylltar, vegna nánari tengsla þeirra við framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar. Til að tryggja að lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjunum deili ábyrgð með sér á réttmætan hátt ættu lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu, verði þau vör við að brot á skuldbindingum eigi sér stað innan þeirra yfirráðasvæðis, að upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu, sem í framhaldinu ætti að vera skylt að gera viðeigandi ráðstafanir. Þar að auki ættu lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu að eiga rétt á að grípa inn í ef lögbær yfirvöldin í heimaaðildarríkinu gera ekki viðeigandi ráðstafanir eða ef ráðstafanirnar sem gerðar eru reynast ófullnægjandi.
- 32) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ættu að hafa yfir öllum nauðsynlegum úrræðum að ráða til að tryggja skipulegan rekstur framleiðenda og dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í öllu Sambandinu, hvort sem stundaður er samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Til að tryggja skilvirkni eftirlits ættu allar aðgerðir lögbærra yfirvalda að vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættu sem innbyggð er í rekstur tiltekins framleiðanda eða dreifingaraðila.
- 33) Mögulegt er að þróa samevrópska vídd samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, ekki eingöngu á stigi framleiðandans fyrir tilstilli möguleika hans til starfsemi yfir landamæri, heldur einnig á stigi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, fyrir tilstilli flytjanleika samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og þjónustu við skipti, og á þann hátt stuðla að vernd séreignarlífeyrisréttinda einstaklinga sem nýta rétt sinn til frjálsrar farar skv. 21. og 45. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Flytjanleiki felur í sér að rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur flutt búsetu sína til annars aðildarríkis án þess að skipta um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, en skipti á framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar felur ekki nauðsynlega í sér breytingu á búsetu.
- 34) Samevrópsk séreignarsparnaðarafurð ætti að ná yfir landsbundna undirreikninga, sem hver og einn er með eiginleika séreignarsparnaðarafurðar með möguleika á að iðgjöld eða útgreiðslur af samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni teljist hæfar fyrir hvata, ef í boði eru í aðildarríkjunum í tengslum við það þegar framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar opnar fyrir aðgang að undirreikningi. Undirreikningurinn ætti að vera notaður til halda skrá yfir iðgjöldin á söfnunartímabilinu og útgreiðslurnar á útgreiðslutímabilinu í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem undirreikningurinn hefur verið opnaður. Fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti að stofna fyrsta undirreikninginn við gerð samnings um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.
- 35) Til að stuðla að snuðulausri umbreytingu fyrir framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða ætti skuldbindingin um að bjóða samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir með undirreikningum fyrir a.m.k. tvö aðildarríki að taka gildi innan þriggja ára frá deginum sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Við kynningu á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð ætti framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar að veita upplýsingar um hvaða undirreikningar eru þegar tiltækir, til að komast hjá því að hægt sé að villa um fyrir rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Ef rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar flyst til annars aðildarríkis og ef enginn undirreikningur er tiltækur fyrir það aðildarríki ætti framleiðandi samevrópskra séreignarsparnaðarafurða að gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar mögulegt að skipta án tafar og endurgjalds laust til annars framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem útvegar undirreikning fyrir það aðildarríki. Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur einnig haldið áfram að greiða inn á undirreikninginn sem greitt var inn á áður en hann skipti um búsetu.

- 36) Að teknu tilliti til eðlis samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um langtímamarkmið um lífeyri og stjórnsýslu-álagsins sem henni fylgir ættu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að veita væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og lífeyrisþegum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð (*e. PEPP beneficiary*) skýrar, auðskildar og fullnægjandi upplýsingar til að auðvelda þeim að taka ákvörðun varðandi lífeyristöku við eftirlaunaaldur. Af sömu ástæðu ættu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einnig að tryggja mikið gagnsæi við mismunandi áfanga samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. áður en samningur er gerður, þegar gengið er frá samningnum, á söfnunartímabilinu (þ.m.t. fyrir eftirlaunaaldur) og á útgreiðslutímabilinu. Einkum ætti að gefa upplýsingar varðandi áunnin eftirlaunaréttindi, áætluð eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð (*e. PEPP retirement benefits*), áhættu og tryggingar, samþættingu umhverfis-, félags- og stjórnmunarþátta og kostnað. Ef áætluð eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð byggjast á hagrænum sviðsmyndum ættu þessar upplýsingar einnig að innihalda sviðsmynd besta mats og óhagstæða sviðsmynd, sem ætti að vera öfgakennd en raunsæ.
- 37) Veita ætti væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar allar nauðsynlegar upplýsingar áður en samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður til að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun. Áður en samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður ætti að tilgreina starfslokategndar kröfur og þarfir og veita ráðgjöf.
- 38) Til að tryggja ákjósanlegt gagnsæi um afurðina ættu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að leggja fram lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (*e. PEPP KID*) fyrir þær samevrópsku séreignarsparnaðarafurðir sem þeir framleiða, áður en hægt er að dreifa þessum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðum til réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Þeir ættu einnig að bera ábyrgð á því að lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sé nákvæmt. Lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti að koma í stað og aðlaga lykilupplýsingaskjalið fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ⁽⁶⁾ sem, af þeim sökum, mun ekki þurfa að leggja fram vegna samevrópskra séreignarsparnaðarafurða. Semja ætti sérstakt lykilupplýsingaskjal um samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurð. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður aðra fjárfestingarkosti ætti einnig að leggja fram almennt lykilupplýsingaskjal yfir þessa aðra fjárfestingarkosti sem einnig getur innihaldið tilvísanir til annarra skjala. Að öðrum kosti, ef ekki er hægt að veita upplýsingarnar sem krafist er um aðra fjárfestingarkosti innan staks lykilupplýsingaskjals, ætti að leggja fram stakt lykilupplýsingaskjal fyrir sérhvern annan fjárfestingarkost. Þetta ætti þó eingöngu að eiga við ef framlagning almenns lykilupplýsingaskjals yfir aðra fjárfestingarkosti væri ekki í þágu viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Þegar lögbær yfirvöld meta hvort lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð fylgir ákvæðum þessarar reglugerðar ættu þau að tryggja sem best samanburðarhæfi mismunandi fjárfestingarkosta, ef við á, einkum að teknu tilliti til nýjustu þekkingar á atferlisgreiningu til að forðast vitsmunalega hlutdrægni sem orsakast af framsetningu upplýsinganna.
- 39) Í reglugerð þessari ætti að kveða á um að framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar birti á vefsetri sínu lykilupplýsingaskjölín um samevrópska séreignarsparnaðarafurð til að tryggja viðtæka dreifingu lykilupplýsingaskjala um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og aðgengi að þeim. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar ætti að birta lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð fyrir hvert aðildarríki þar sem samevrópskri séreignarsparnaðarafurð er dreift á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða staðfesturéttar og það ætti að innihalda sértækar upplýsingar um skilyrðin sem tengjast söfnunartímabilinu og útgreiðslutímabilinu fyrir það aðildarríki.
- 40) Reiknivélar fyrir séreignalífeyrisafurð eru nú þegar í þróun á landsvísi. Til að neytendur hafi eins mikil not af reiknivélunum og kostur er, ættu þær að ná yfir kostnað og gjöld sem mismunandi framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar leggja á, ásamt öllum frekari kostnaði og gjöldum sem milliliðir eða aðrir í fjárfestinga-keðjunni leggja á og ekki eru nú þegar innifalin hjá framleiðendum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtið. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

- 41) Samræma ætti nánari lýsingu á upplýsingunum sem taka á með í lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og framsetninguna á þessum upplýsingum með tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tekið er tillit til yfirstandandi og áframhaldandi rannsókna á atferli neytenda, þ.m.t. niðurstaðna af prófun á skilvirkni mismunandi aðferða við framsetningu upplýsinga til neytenda. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa valdheimild til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að þróa drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum að höfðu samráði við aðrar Evrópskar eftirlitsstofnanir (ESA) — Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópska bankaftirlitsstofnunin) (EBA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁷⁾ og Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁸⁾, eftir atvikum, sem og við Seðlabanka Evrópu, lögbær yfirvöld og, eftir neytenda- og atvinnugreinaprófun eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tilgreina upplýsingarnar og framsetninguna á upplýsingunum sem taka á með í lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skilyrðin fyrir að endurskoða ætti og yfirfara lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skilyrðin fyrir að uppfylla kröfuna um afhendingu lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, reglurnar til að ákvarða forsendurnar fyrir spárnar um væntan lífeyri, nákvæma lýsingu á framsetningu upplýsinganna sem eiga að vera í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð (*e. PEPP Benefit Statement*), og lágmarksviðmiðin sem áhættuvörnin verður að uppfylla. Við þróun draganna að tæknilegum eftirlitsstöðlum ætti Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að taka tillit til ýmissa hugsanlegra tegunda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, langtíamarkmiða samevrópsku séreignarsparnaðarafurðanna, getu rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, og eiginleika samevrópsku séreignarsparnaðarafurðanna. Neytenda- og atvinnugreinaprófun með raungögnum ætti að vera gerð áður er drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa valdheimildir til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin þróar að því er varðar nánari reglur um samstarf og skipti á upplýsingum, ásamt með kröfunum sem þörf er á fyrir framlagningu upplýsinganna á stöðluðu formi sem gerir samanburð mögulegan og, að höfðu samráði við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir og lögbæru yfirvöldin og eftir að hafa gert atvinnugreinaprófun, að því er varðar snið eftirlitsskýrslugjafar, með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.
- 42) Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti að vera auðgreinanlegt og aðskilið frá öllu markaðsefni.
- 43) Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að semja lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og beina til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim mikilvæg einstaklingsbundin og almenn gögn um samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina og til að tryggja nýjustu upplýsingar um hana. Lífeyrisyfirlit um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti að vera skýrt og ítarlegt og ætti að geyma mikilvægar og viðeigandi upplýsingar til að auðvelda skilning á lífeyrisréttindum til lengri tíma og milli mismunandi séreignarsparnaðarafurða og efla hreyfanleika vinnuafls. Lífeyrisyfirlit um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti einnig að innihalda lykilupplýsingar um fjárfestingarstefnu að því er varðar umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti og vísa á hvar og hvernig rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti aflað viðbótarupplýsinga um samþættingu umhverfis-, félags- og stjórnunarþátta. Lífeyrisyfirlit um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ætti árlega að veita rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
- 44) Framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða ættu að upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, tveimur mánuðum fyrir dagsetningarnar þegar rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hafa möguleika til að breyta útgreiðsluvalkostum sínum, um komandi upphaf útgreiðslutímabils, mögulegar aðferðir við útgreiðslu og um möguleikann til að breyta útgreiðsluáðferðinni. Ef fleiri en einn undirreikningur hefur verið stofnaður ætti að upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um mögulegt upphaf útgreiðslutímabils fyrir hvern undirreikning.
- 45) Á útgreiðslutímabilinu ættu lífeyrisþegar í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð áfram að fá upplýsingar um lífeyri sinn og önnur réttindi af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og tilsvarende útgreiðsluvalkosti. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar lífeyrisþegar í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð bera umtalsverða fjárfestingaráhættu á útgreiðslutímabilinu.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 46) Í því skyni að verja réttindi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og lífeyrisþega í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð á fullnægjandi hátt ættu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að geta kosið eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og tímalengd skuldbindinga þeirra, þ.m.t. þeirra sem eru til langs tíma. Þess vegna er þörf fyrir skilvirkt eftirlit svo og aðkomu að fjárfestingarreglum sem veitir framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar nægilegan sveigjanleika til að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingarstefnuna, en skuldbindur þá jafnframt til að sýna varfærni og hafa langtímahagsmuni allra rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að leiðarljósi. Sé farið að skynsemisreglunni (e. *prudent person rule*) krefst það fjárfestingarstefnu sem er sniðin að samsetningu viðskiptavina framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.
- 47) Með því að beita skynsemisreglunni sem meginreglu að baki fjárfestingum og með því að framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sé gert kleift að stunda rekstur yfir landamæri er hvatt til þess að sparifé sé aftur beint í geirann fyrir séreignalífeyri og þannig stuðlað að efnahagslegum og félagslegum framförum. Í skynsemisreglunni ætti einnig að taka sérstakt tillit til hlutverks umhverfis-, félags- og stjórnunarþátta í fjárfestingarferlinu.
- 48) Með reglugerð þessari ætti að tryggja framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar tilhlýðilegt frelsi í fjárfestingum. Þar eð framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eru fjárfestar til mjög langs tíma með litla lausafjáráhættu eru þeir í aðstöðu til að stuðla að þróun sambands fjármagnsmarkaða með því að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og öðrum gerningum með langtímaefnahagslýsingu sem viðskipti eru ekki með á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga og skipulegum viðskiptavettvöngum innan varfærnismarka. Þeir geta einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum ætti ekki að takmarka fjárfestingu í hlutabréfum í gjaldmiðlum öðrum en þeim sem skuldirnar eru í og í öðrum gerningum með langtímaefnahagslýsingu og viðskipti eru ekki með á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum viðskiptavettvöngum, í samræmi við skynsemisregluna til að vernda hagsmuni rétthafa og lífeyrisþega úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, að öðru leyti en út frá varfærni.
- 49) Í tengslum við að dýpka samband fjármagnsmarkaða er túlkunin á því hvað telst vera gerningar með langtímaefnahagslýsingu víðfeðm. Slíkir gerningar eru óframseljanleg verðbréf og hafa því ekki aðgang að lausafjárstöðu eftirmarkaða. Þeir gera oft kröfu um skuldbindingar til ákveðins tíma sem takmarkar markaðshæfi þeirra og ætti að túlka að feli í sér hlutdeild og skuldagerninga í, og lána til, óskráðra félaga. Óskráð félög taka m.a. til innviðaverkefna, óskráðra vaxtarsækinnna fyrirtækja, fasteigna eða annarra eigna sem gætu hentað til langtímaffjárfestinga. Innviðaverkefni sem losa lítið af koltvísýringi og eru þolin gagnvart loftslagsbreytingum eru oft óskráðar eignir og treysta á langtímalán til fjármögnunar verkefna. Með tilliti til langtímaeðlis skuldbindinga þeirra eru framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hvattir til að setja nægan hluta eignasafnsins í sjálfbærar fjárfestingar í raunhagkerfinu sem fela í sér efnahagsávinning til langs tíma, einkum innviðaverkefni og -fyrirtæki.
- 50) Umhverfis-, félags- og stjórnunarþættir eru mikilvægir fyrir fjárfestingarstefnuna og áhættustýringarkerfi framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Hvetja ætti framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til að taka til athugunar slíka þætti í fjárfestingarákvörðunum og taka tillit til hvernig þeir mynda hluta áhættustýringarkerfis þeirra til að fordást „verðlausar eignir“. Upplýsingarnar um umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti ættu að vera tiltækar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, lögbæru yfirvöldunum og rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
- 51) Eitt af markmiðunum með reglusetningu fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir er að skapa áreiðanlega, kostnaðarvæna lífeyrissparnaðarafurð til langs tíma. Vegna þess að fjárfestingarnar er varða séreignarafurðir eru til langs tíma ætti að taka sérstakt tillit til langtímaafleiðinga af eignaskiptingu. Einkum ætti að taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunarþátta. Fjárfesta ætti sparnað í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð (e. *PEPP saving*) að teknu tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunarþátta eins og þá sem settir eru fram í loftslags- og sjálfbærnimarkmiðum Sambandsins sem sett eru fram í Parísarsamningnum um loftslagsbreytingar (Parísarsamningurinn), heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

- 52) Til að tryggja að skuldbindingar þeirra um að þróa fjárfestingarstefnu í samræmi við skynsemissregluna séu uppfylltar ætti að koma í veg fyrir að framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fjárfesti innan ósamvinnuþýðrar lögsögu sem tilgreind er í gildandi niðurstöðum ráðsins með skránni yfir hverja ósamvinnuþýða lögsögu í skattalegu tilliti, né innan áhættusams þriðja lands sem er með annmarka í stefnu og tilgreint er í gildandi framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var á grundvelli 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽⁹⁾.
- 53) Í ljósi langtímamarkmiðs samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um lífeyri ættu fjárfestingarkostir sem boðnir eru rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að vera útfærðir þannig að þeir nái yfir þætti sem gera fjárfestum kleift að taka fjárfestingarákvörðun, þ.m.t. fjöldi fjárfestingarkosta sem þeir geta valið úr. Eftir upphaflega valið við áskriftina að samevrópskri séreignarsparnaðarafurð ætti að vera mögulegt fyrir rétt hafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að breyta því vali eftir að lágmarki fimm ár frá áskriftinni að samevrópskri séreignarsparnaðarafurð eða í tilviki síðari breytingar, frá síðustu breytingu á fjárfestingarkostinum, þannig að framleiðendur búi við nægjanlegan stöðugleika fyrir langtíma fjárfestingastefnu sína á sama tíma og fjárfestavernd er tryggð. Mögulegt ætti þó að vera fyrir framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að heimila rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að breyta valda fjárfestingarkostinum oftar.
- 54) Samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin ætti að vera áreiðanleg afurð og virka sem sjálfgefinn fjárfestingarkostur. Það getur annaðhvort verið í formi áhættuvarnar í samræmi við markmiðið um að rétt hafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fái fjármagnið til baka eða tryggingar á fjármagninu sem fjárfest er. Áhættuvörn sem er í samræmi við markmiðið um að rétt hafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fái fjármagnið til baka getur falist í íhaldssamri fjárfestingaráætlun eða lífsferilsáætlun sem stig af stigi dregur úr heildaráhættu til lengri tíma. Tryggingar sem veittar eru samkvæmt sjálfgefna fjárfestingarkostinum ættu a.m.k. að ná yfir iðgjöldin á söfnunartímabilinu að frádregnum öllum þóknunum og gjöldum. Tryggingar geta einnig náð yfir þóknanir og gjöld og geta veitt tryggingavernd fyrir verðbólgu að öllu leyti eða hluta til. Trygging fyrir fjármagninu sem fjárfest er ætti að falla í gjalddaga við upphaf útgreiðslutímabilsins og á því tímabili, eftir atvikum.
- 55) Til að tryggja kostnaðarhagkvæmni og nægjanlegan árangur fyrir rétt hafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti að takmarka kostnað og þóknanir fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina við fasta prósentu af uppsöfnuðu fjármagni. Sú takmörkun ætti að vera fastsett við 1% af uppsöfnuðu fjármagni, en viðeigandi væri að tilgreina nánar kostnaðar- og þóknategundir sem taka skal tillit til í tæknilegum eftirlitsstöðlum, til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á milli ólíkra framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og mismunandi tegunda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða við sérstaka kostnaðar- og þóknanasamsetningu þeirra. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa valdheimildir til að samþykkja slíka tæknilega eftirlitsstaðla sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að þróa. Við gerð draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum ætti Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, einkum, að taka til athugunar langtímaeðli samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, mismunandi tegundir samevrópskra séreignarsparnaðarafurða og viðkomandi kostnaðarþætti sem tengjast sérkennum þeirra, í því skyni að tryggja sanngjarna og jafna meðferð ólíkra framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og afurða þeirra, en jafnframt taka tillit til einkenna samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðarinnar sem einfaldrar, kostnaðarhagkvæmrar og gagnsærrar afurðar sem gefur af sér nægjanlega raunávöxtun af fjárfestingu til langs tíma. Enn fremur og með það að markmiði að varðveita langtímamarkmið afurðarinnar um lífeyri ætti að meta gaumgæfilega útgreiðsluáðferðina, einkum að því er varðar lífstíðarlífeyri. Innan þess ramma og til að tryggja að framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem bjóða fjármagnstryggingu njóti góðs af jöfnum samkeppnisskilyrðum með öðrum framleiðendum ætti Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að taka tillit til kostnaðar- og þóknanasamsetningar. Enn fremur ætti að endurskoða reglulega prósentugildið fyrir kostnað og þóknanir til að tryggja að það sé áfram hæfilegt að teknu tilliti til sérhverra breytinga á kostnaðarstiginu. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.
- Til að tryggja áframhaldandi kostnaðarhagkvæmni og vernd viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð gegn of íþyngjandi kostnaðarsamsetningu ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar breytingu á prósentugildinu, að teknu tilliti til endurskoðana hennar, einkum á raunstigi og breytingum á kostnaði og þóknunum og áhrifunum af kostnaðarþaki á tiltækileika samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, og viðeigandi markaðsaðgangi ólíkra framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem bjóða mismunandi tegundir samevrópskra séreignarsparnaðarafurða.
- 56) Lögbær yfirvöld ættu að beita valdheimildum sínum með það að meginmarkmiði að vernda réttindi rétt hafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og lífeyrisþega í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og stöðugleika og styrkleika framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

- 57) Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar er stofnun um starfstengdan lífeyri eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs í Evrópusambandinu ætti hann að tilnefna fjárvörslufyrirtæki í tengslum við vörslu eignanna sem samsvarar starfseminni við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Þörf er á viðbótarverndarráðstöfunum í tengslum við eininguna sem gegnir hlutverki vörsluaðila og starfssvið hennar, þar sem núgildandi reglur sem settar eru fram í tengslum við fjárvörslufyrirtæki í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB⁽¹⁰⁾ eru miðaðar við sjóði sem eingöngu eru markaðssettir fyrir fagfjárfesta, að undanskildum Evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760⁽¹¹⁾, sem markaðssettir eru fyrir almenna fjárfesta, og sérlögin sem gilda um stofnanir um starfstengdan lífeyri krefjast ekki tilnefningar á vörsluaðila í öllum tilvikum. Til að tryggja sem bestu fjárfestavernd í tengslum við vörslu eigna sem samsvarar starfseminni við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar er í þessari reglugerð gerð krafa um að stofnanir um starfstengdan lífeyri og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða í Evrópusambandinu sem veita samevrópska séreignarsparnaðarafurð fylgi reglunum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB⁽¹²⁾ að því er varðar tilnefningu á vörsluaðilanum, framkvæmdina á verkefnum og eftirlitsskyldur sínar.
- 58) Nauðsynlegt er að kostnaður og þóknanir séu gagnsæjar og sanngjarnar til að efla traust rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og gera þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Til samræmis við það ætti að banna notkun ógagnsærra verðlagningaraðferða.
- 59) Til að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í þessari reglugerð ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að tilgreina skilyrðin fyrir að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbæru yfirvöldin beiti íhlutunarvaldi og viðmiðin og þættirnir sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin á að beita til að ákvarða hvenær verulegt áhyggjuefni er til staðar varðandi vernd rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu⁽¹³⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið að fá í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 60) Án þess að hafa áhrif á réttindi viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð til að höfða mál fyrir dómstólum ætti að koma á aðgengilegum, fullnægjandi, óháðum, hlutlausum, gagnsæjum og skilvirkum málsmeðferðum til lausnar deilumála utan dómstóla (ADR) milli framleiðenda eða dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð til að leysa úr deilum sem rísa vegna réttinda og skyldna sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 61) Í því skyni að koma á skilvirkri og árangursríkri málsmeðferð við lausn deilumála ættu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að koma á skilvirkri málsmeðferð vegna kvartana sem viðskiptavinir þeirra geta notað áður en deilumálinu er vísað til úrlausnar í málsmeðferð til lausnar deilumála utan dómstóla, eða fyrir dómstóli. Málsmeðferðin vegna kvartana ætti að gera ráð fyrir að framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hafi stuttan og skýrt skilgreindan frest til að svara kvörtun. Úrskurðaraðilar í deilumálum utan dómstóla ættu að hafa næga getu til að taka með fullnægjandi og skilvirkum hætti þátt í samstarfi yfir landamæri að því er varðar deilumál varðandi réttindi og skuldbindingar samkvæmt þessari reglugerð.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 62) Til að finna betri skilyrði fyrir fjárfestingar sínar, og örva þannig samkeppni á meðal framleiðenda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, ættu rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að eiga rétt á að skipta yfir til annars framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem staðsettur er í sama eða öðru aðildarríki á söfnunartímabilinu, samkvæmt skýru, fljótvirku og öruggu ferli. Framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti þó ekki að vera skylt að bjóða þjónustu við skipti fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir þegar sjóðfélagar eru að fá útgreiðslur í formi lífeyris til lífstíðar. Á meðan á skiptum stendur ættu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sem yfirfæra, að yfirfæra tilsvandi fjárhæðir eða, eftir atvikum, eignir í fríðu af samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum (e. *PEPP account*) og loka honum. Rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að gera samninga við framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem eru viðtakendur um að opna nýjan samevrópskan séreignarsparnaðarreikning. Nýi samevrópski séreignarsparnaðarreikningurinn ætti að vera með sama undirreikningafyrirkomulagi og fyrri reikningurinn.
- 63) Meðan á þjónustu við skipti stendur geta rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar aðeins valið að yfirfæra eignir í fríðu þegar skipt er á milli framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, s.s. verðbréfafyrirtækja eða annarra fullgildra framleiðenda sem eru með viðbótarleyfi, sem annast stýringu eignasafns fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Í því tilviki er þörf á skriflegu samþykki framleiðandans sem er viðtakandi. Þar sem um er að ræða sameiginlegar fjárfestingarstýringar eru skipti á eignum í fríðu ekki möguleg, þar sem eignir eru ekki aðgreindar fyrir hvern og einn rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
- 64) Ferlið við skiptin ætti að vera einfalt fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Til samræmis við það ætti framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem er viðtakandi að vera ábyrgur fyrir að hefja og stýra ferlinu fyrir hönd rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og að hans ósk. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að geta notað viðbótarúræði, t.d. tæknilega lausn, á valkvæðum grunni við að koma á þjónustu við skipti. Að teknu tilliti til samevrópskra eiginleika afurðarinnar ættu rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að geta skipt án tafar og endurgjaldslausn þegar undirreikningur stendur ekki til boða í aðildarríkinu sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar flytur til.
- 65) Áður en heimild um skipti er veitt ætti að upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um alla áfanga ferlisins og nauðsynlegan kostnað til að ganga frá skiptunum svo sjóðfélaginn geti tekið upplýsta ákvörðun um þjónustu við skipti.
- 66) Samvinna við framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem yfirfærir er nauðsynleg til að skiptin skili árangri. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem yfirfærir ætti því að veita framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem er viðtakandi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja greiðslurnar inn á hinn samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn. Slíkar upplýsingar ættu þó ekki að vera ítarlegri en nauðsynlegt er til að ganga frá skiptunum.
- 67) Rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu ekki að verða fyrir fjárhagstjóni, þ.m.t. vegna gjalda og vaxta, vegna mistaka annars hvors framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem tekur þátt í skiptunum. Einkum ættu rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ekki að verða fyrir fjárhagstjóni vegna greiðslu viðbótargjalda, vaxta eða annars kostnaðar, sem og sekta, viðurlaga eða nokkurs annars fjárhagsskaða vegna tafa á framkvæmd skiptanna. Þar sem tryggja ætti fjármagnsvernd við upphaf útgreiðslutímabilsins og á útgreiðslutímabilinu, eftir atvikum, ætti framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem yfirfærir ekki að vera skylt að tryggja fjármagnsverndina eða -trygginguna á þeim tímapunkti sem skiptin eiga sér stað. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar gæti einnig ákveðið að tryggja fjármagnsverndina eða setja tryggingu á tímapunktinum sem skiptin eiga sér stað.
- 68) Rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu að hafa möguleika á að taka upplýsta ákvörðun áður en skiptin eiga sér stað. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem er viðtakandi ætti að hlíta öllum dreifingar- og upplýsingakröfum, þ.m.t. ákvæðum lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, um ráðgjöf og fullnægjandi upplýsingar varðandi kostnað tengdan skiptunum og um mögulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármagnsverndina þegar skipt er á samevrópski séreignarsparnaðarafurð með tryggingu. Kostnaður fyrir skiptin sem gerð eru af yfirfærsluframléðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar ætti að miðast við fjárhæð sem ekki skapar hindrun við hreyfanleika og ávallt takmarkast við 0,5% af tilsvandi fjárhæðum eða peningalegu virði þeirra eigna sem yfirfæra skal.

- 69) Réttthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ættu, þegar þeir gerast áskrifendur að samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og þegar nýr undirreikningur er opnaður, að hafa frelsi til að ákvarða um val á útgreiðsluáðferð (lífeyrir, eingreiðsla, eða annað) á útgreiðslutímabilinu, en hafa möguleika á að endurskoða val sitt einu ári áður en útgreiðslutímabilið hefst, við upphaf útgreiðslutímabilsins og þegar skipti eiga sér stað, til að geta aðlagð útgreiðslurnar sem best að þörfum sínum þegar eftirlaunaaldur nálgast. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður upp á fleiri en eina aðferð við útgreiðslu ætti að vera mögulegt fyrir réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að kjósa aðra útgreiðsluáðferð fyrir hvern undirreikning sem opnaður er á hans samevrópska séreignarsparnaðarreikningi.
- 70) Framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti að vera heimilt að bjóða rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar margar mismunandi útgreiðsluáðferðir. Með slíkri nálgun um meiri sveigjanleika og fleiri valkosti fyrir réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti markmiðið um aukna nýtingu á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni að nást. Þetta mun gera framleiðendum kleift að hanna samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir sínar á sem kostnaðarhagkvæmasta hátt. Það er í samræmi við aðra stefnumótun Sambandsins og pólitískt gerlegt, þar sem nægur sveigjanleiki er til staðar fyrir aðildarríki að ákvarða um hvaða aðferðir við útgreiðslu þau kjósa að ýta undir. Í samræmi við langtímamarkmið afurðarinnar um lífeyri ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að samþykkja ráðstafanir til að forgangsraða tilteknum útgreiðsluáðferðum, s.s. með magntakmörkunum á eingreiðslur í því skyni að hvetja til lífstíðarlífeyris og úttektargreiðslna.
- 71) Í ljósi samevrópskra einkenna samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar er þörf á að tryggja samræmt viðtækt verndararstig fyrir réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar alls staðar á innri markaðnum. Þetta krefst fullnægjandi verkfæra til að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir brot og tjón fyrir neytendur. Því ætti að auka valdheimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda með skýru fyrirkomulagi sem gerir kleift að banna eða takmarka markaðssetningu, dreifingu og sölu samevrópskra séreignarsparnaðarafurða sem valda verulegum áhyggjum að því er varðar vernd réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. að því er varðar langtímamarkmið afurðarinnar um lífeyri, eðlilega starfsemi og heilleika fjármálamarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins í heild eða að hluta til, ásamt með viðeigandi samræmingar- og viðbragðsheimildum fyrir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina.
- Valdheimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar ættu að byggja á 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010, þannig að tryggt sé að slíku fyrirkomulagi til inngripa sé hægt að beita ef um er að ræða verulegar áhyggjur af vernd réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. að því er varðar hin sérstöku langtímamarkmið samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um lífeyri. Lögbæru yfirvöldin ættu, þegar skilyrðin eru uppfyllt, að geta sett á bann eða takmörkun sem varúðarráðstöfun áður en samevrópsk séreignarsparnaðarafurð hefur verið markaðssett, dreift eða seld til réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Þessar valdheimildir frá framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar ekki undan ábyrgð um að hlíta öllum viðkomandi kröfum samkvæmt þessari reglugerð.
- 72) Tryggja ætti fullt gagnsæi um kostnað og gjöld sem tengjast fjárfestingunni í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Koma ætti á jöfnum samkeppnisskilyrðum á milli framleiðenda, jafnframt sem neytendavernd er tryggt. Samanburðarupplýsingar ættu að vera tiltækar á milli mismunandi afurða og þannig stuðla að samkeppni í verðlagningu.
- 73) Þótt viðkomandi lögbær yfirvöld eigi áfram að annast eftirlit með framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ætti Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að samhæfa eftirlitið að því er varðar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir, til að tryggja samræmi við beitingu sambærilegrar aðferðafræði við eftirlit, og á þann hátt stuðla að samevrópskum einkennum og langtímamarkmiði samevrópsku séreignarsparnaðarafurðanna um lífeyri.
- 74) Til að styrkja réttindi neytenda og auðvelda aðgengi að málsmeðferð vegna kvartana ættu réttthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að geta, annaðhvort einstaklingsbundið eða sameiginlega, lagt fram kvartanir til lögbærra yfirvalda búsetuáðildarríkja sinna, óháð því hvar brotin áttu sér stað.
- 75) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að starfa með lögbærum yfirvöldum og auðvelda samstarf og samkvæmni á milli þeirra. Í þessu sambandi ætti Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að gegna hlutverki í tengslum við valdheimildir lögbærra yfirvalda til að beita eftirlitsráðstöfunum með því að láta í té sönnunargögn um brot er tengjast samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti einnig að veita bindandi sáttameðferð komi upp ágreiningur á milli lögbærra yfirvalda í aðstæðum sem ná yfir landamæri.
- 76) Til að tryggja reglufylgni við þessa reglugerð af hálfu framleiðenda og dreifingaraðila á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og til að tryggja að þeir falli undir sambærilega meðhöndlun alls staðar í Sambandinu ætti að mæla fyrir um stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.
- 77) Mikilvægt er að aðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að brot á þessari reglugerð falli undir viðeigandi stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 um „Eflingu fyrirkomulags um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu“ og til að tryggja að kröfurnar í þessari reglugerð séu uppfylltar.

- 78) Ekki ætti að gera kröfu um að aðildarríki setji reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota á þessari reglugerð sem falla undir landsbundinn refsirétt, þótt aðildarríkjum sé heimilt að setja reglur um stjórnsýslu- og refsiviðurlög fyrir sömu brot. En ef refsiviðurlögum er beitt í stað stjórnsýsluviðurlaga við brotum gegn þessari reglugerð ætti slíkt ekki að draga úr eða hafa að öðru leyti áhrif á möguleika lögbærra yfirvalda til að starfa saman, hafa aðgang að og skiptast tímanlega á upplýsingum við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum í tengslum við þessa reglugerð, einnig eftir að viðkomandi brotum hefur verið vísað til saksóknar hjá lögbærum dómsyfirvöldum.
- 79) Lögbær yfirvöld ættu að hafa valdheimildir til að leggja á fjársektir sem eru nægjanlega háar til að vega upp á móti raunverulegum eða mögulegum ávinningi, og hafa varnaðaráhrif jafnvel á stór fyrirtæki á fjármálamarkaði og stjórnendur þeirra.
- 80) Til að tryggja samræmi við beitingu viðurlaga í Sambandinu ættu lögbæru yfirvöldin að taka tillit til allra viðkomandi aðstæðna þegar tekin er ákvörðun um tegund stjórnsýsluviðurlaga eða annarra ráðstafanna og fjárhæð sekta.
- 81) Til að tryggja að ákvarðanir lögbærra yfirvalda um brot og viðurlög hafi varnaðaráhrif á allan almenning og til að styrkja vernd neytenda með því að vara þá við samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem dreift er í bága við þessa reglugerð, ætti að birta þær ákvarðanir, nema slík birting stofni stöðugleika fjármálamarkaðarins eða áframhaldandi rannsókn í hættu.
- 82) Til að greina möguleg brot ættu lögbær yfirvöld að hafa nauðsynlegar rannsóknarheimildir, og ættu að koma á skilvirku fyrirkomulagi sem gerir kleift að tilkynna um möguleg eða raunveruleg brot.
- 83) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem varða refsiverða verknaði.
- 84) Sérhver vinnsla persónuupplýsinga sem fer fram innan ramma þessarar reglugerðar, s.s. skipti á eða sending persónuupplýsinga af hálfu lögbæru yfirvaldanna eða vinnsla persónuupplýsinga af hálfu framleiðenda eða dreifingar- aðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, ætti að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽¹⁵⁾. Sérhver skipti á eða sending upplýsinga af hálfu evrópskra eftirlitsstofnana ættu að fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽¹⁶⁾.
- 85) Í ljós þess hve persónulegar fjárhagsupplýsingar eru viðkvæmar er öflug gagnavernd afar mikilvæg. Þess vegna er mælt til að persónuverndaryfirvöld taki virkan þátt í framkvæmd og eftirliti er varðar þessa reglugerð.
- 86) Skráningin og tilkynningaraðferðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti ekki að koma í staðinn fyrir landsbundnar viðbótarmálsmeðferðir sem til staðar eru, til að hafa möguleika á að nýta þær ívilnanir og hvata sem ákvarðaðir eru á landsvísu.
- 87) Mat á þessari reglugerð ætti að fara fram með því, meðal annars, að meta markaðsþróun, s.s. tilkomu nýrra tegunda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, sem og þróun á öðrum sviðum laga Sambandsins og reynslu aðildarríkjanna. Í slíku mati ætti að taka til greina mismunandi markmið og tilgang með því að koma á skilvirkum markaði með samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir og einkum ætti að meta hvort þessi reglugerð hafi leitt til þess að sparnaður fleiri evrópskra borgara sé í sjálfbærum og fullnægjandi lífeyri. Mikilvægi evrópskra lágmarksstaðla fyrir eftirlit með framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kallar á mat á framleiðendum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar að því er varðar reglufylgni við þessa reglugerð og gildandi sérlög.

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

- 88) Í ljósi mögulegra langtímaáhrifa þessarar reglugerðar er mikilvægt að fylgst sé náið með þróuninni á fyrsta áfanga beitingar hennar. Framkvæmdastjórnin ætti þegar hún framkvæmir matið einnig að endurspegla reynslu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, hagsmunaaðila og sérfræðinga, og tilkynna allar athugasemdir sem hún gæti haft til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 89) Með þessari reglugerð ætti að tryggja að grundvallarréttindi séu virt og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, sérstaklega rétti aldraðra til lífs sem einkennist af reisn og sjálfstæði og til þátttöku í félags- og menningarlífi, réttinum til verndar persónuupplýsinga, eignarréttinum, frelsinu til atvinnurekstrar, meginreglunni um jafnræði á milli karla og kvenna og meginreglunni um öfluga neytendavernd.
- 90) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að auka vernd rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og stuðla að aukinni tiltrú þeirra á samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum, þ.m.t. þegar þessum afurðum er dreift yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um skráningu, framleiðslu, dreifingu og eftirlit með séreignarsparnaðarafurðum sem dreift er í Sambandinu undir merkingunni „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ (e. *pan-European Personal Pension product, PEPP*).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Séreignarsparnaðarafurð“ merkir afurð sem:

- a) byggist á samningi sem gerður er af frjálsum vilja milli einstaks sjóðfélaga og fyrirtækis og er til viðbótar sérhverri lögboðinni eða starfstengdri lífeyrisafurð,

- b) felur í sér uppsöfnun fjármagns til langs tíma með skýru markmiði um að veita tekjur við starfslok og takmörkuðum möguleikum á snemmbærum útgreiðslum fyrir þann tíma,
- c) er hvorki lögboðin né starfstengd lífeyrisafurð,
- 2) „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“: langtímasparnaður í séreignarsparnaðarafurð sem fyrirtæki á fjármálamarkaði, sem hæft er skv. 1. mgr. 6. gr., veitir samkvæmt samningi um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar gerist áskrifandi að vegna starfsloka, eða óháð samtök rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fyrir hönd aðila sinna, gefur ekki möguleika, eða afar takmarkaðan möguleika, á snemmbærri úttekt og skráð er í samræmi við þessa reglugerð,
- 3) „rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: einstaklingur sem gert hefur samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð við framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
- 4) „samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð“: samningur á milli rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. gr.,
- 5) „samevrópskur séreignarsparnaðarreikningur“: séreignarsparnaðarreikningur í nafni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða lífeyrisþega samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem notaður er til skráningar á færslum sem gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að leggja reglubundið inn fjárframlag vegna starfsloka og lífeyrisþega í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð kleift að fá réttindi greidd úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð,
- 6) „lífeyrisþegi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: einstaklingur sem er viðtakandi réttinda í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð,
- 7) „viðskiptavinur í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð“: rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, væntanlegur rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða lífeyrisþegi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
- 8) „dreifing samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“ (*e. PEPP distribution*): að veita ráðgjöf um, leggja til eða inná af hendi aðra vinnu við undirbúning fyrir samningagerð um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, gerð slíkra samninga, eða aðstoð við stjórnun og efndir slíkra samninga, þ.m.t. veiting upplýsinga um einn eða fleiri samninga um samevrópska séreignarsparnaðarafurð í samræmi við viðmið sem viðskiptavinir velja fyrir milligöngu vefseturs eða annars miðils og gerð flokkunarlista yfir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir, þ.m.t. um verð- og afurðasamanburð, eða afslætti af verði samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, ef viðskiptavinur í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð getur, beint eða óbeint, gert samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð á vefsetri eða öðrum miðli,
- 9) „eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð“: réttindi sem eru greidd út þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð á einu því formi sem um getur í 1. mgr. 58. gr.,
- 10) „réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð“: eftirlaun úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og önnur viðbótarréttindi sem lífeyrisþegi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á rétt á í samræmi við samninginn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, einkum í þeim strangt takmörkuðu tilvikum þegar snemmbærar útgreiðslur eiga sér stað eða ef samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð veitir vernd vegna áhættu sem tengist ævilíkum manna,
- 11) „söfnunartímabil“: tímabilið þegar eignum er safnað inn á samevrópskan séreignarsparnaðarreikning og varir venjulega þar til útgreiðslutímabilið hefst,
- 12) „útgreiðslutímabil“: tímabilið sem þegar má út eignir sem safnað hefur verið inn á samevrópskan séreignarsparnaðarreikning til að fjármagna eftirlaun eða aðrar tekjuþafir,

- 13) „lífeyrir“: fjárhæð til greiðslu með tilteknu millibili yfir ákveðið tímabil, s.s. ævilengd lífeyrisþega samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða í tiltekinn fjölda ára, sem afrakstur af fjárfestingu,
- 14) „úttektargreiðslur“: valkvæðar fjárhæðir sem lífeyrisþegar í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð geta tekið út upp að vissu marki með reglulegu millibili,
- 15) „framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og um getur í 1. mgr. 6. gr., sem er með starfsleyfi til að framleiða samevrópska séreignarsparnaðarafurð og dreifa þeirri samevrópsku séreignarsparnaðarafurð,
- 16) „dreifingaraðili samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og um getur í 1. mgr. 6. gr., sem er með starfsleyfi til að dreifa samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem það framleiðir ekki, verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingaráðgjöf, eða váttryggingamiðlari eins og skilgreint er í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 ⁽¹⁷⁾,
- 17) „varanlegur miðill“: hvert það tæki sem:
- a) gerir viðskiptavini í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð kleift að vista upplýsingar sem beint er persónulega til hans þannig að nálgast má síðar og í hæfilega langan tíma eftir því hvaða tilgangi þær þjóna, og
 - b) gerir kleift að afrita óbreyttar þær upplýsingar sem geymdar eru,
- 18) „lögbær yfirvöld“: landsyfirvöld sem tilnefnd eru af aðildarríki til að hafa eftirlit með framleiðendum eða dreifingaraðilum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eftir atvikum, eða til að sinna þeim skyldum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
- 19) „heimaaðildarríki framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í viðkomandi lagagerð sem um getur í 1. mgr. 6. gr.,
- 20) „heimaaðildarríki dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“:
- a) ef dreifingaraðilinn er einstaklingur, það aðildarríki þar sem búseta hans eða hennar er,
 - b) ef dreifingaraðilinn er lögaðili, það aðildarríki þar sem skráð skrifstofa hans er staðsett eða, ef hann hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt innlendum lögum, það aðildarríki þar sem aðalskrifstofa hans er staðsett,
- 21) „gistiaðildarríki framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: aðildarríki, annað en heimaaðildarríki framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þar sem framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar veitir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir samkvæmt frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti eða þar sem framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur opnað undirreikning,

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu váttrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

- 22) „gistiaðildarríki dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar“: aðildarríki, annað en heimaaðildarríki dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þar sem dreifingaraðili samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar dreifir samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum samkvæmt frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti,
- 23) „undirreikningur“: sérstök landseining sem opnuð er innan hvers samevrópsks séreignarsparnaðarreikning og uppfyllir lagakröfur og skilyrði fyrir að nota mögulega hvata sem ákvarðaðir eru á landsvísi fyrir fjárfestingu í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð af aðildarríkinu þar sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur búsetu, og til samræmis við það getur einstaklingur verið rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða lífeyrisþegi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í hverjum undirreikningi, allt eftir viðkomandi lagaskilyrðum fyrir söfnunartímabili og útgreiðslutímabili,
- 24) „fjármagn“: heildarfjármagnsframlag, reiknað út á grundvelli fjárfestanlegra fjárhæða að frádregnum öllum þóknunum, gjöldum og kostnaði sem rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar standa beint eða óbeint straum af,
- 25) „fjármálagerningur“: þeir gerningar sem tilgreindir eru í C-þætti I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁸⁾,
- 26) „fjárvörslufyrirtæki“: stofnun sem sér um vörslu eigna og hefur eftirlit með reglufylgni við sjóðsreglur og gildandi lög,
- 27) „samevrópsk grunnséreignarsparnaðarafurð“: fjárfestingarkostur eins og mælt er fyrir um í 45. gr.,
- 28) „aðferð til mildunar áhættu“: aðferð til að minnka kerfisbundið umfang áhættu og/eða líkinda á að áhætta skapist,
- 29) „áhætta sem tengist ævilíkum manna“: áhætta tengd andláti, örorku og/eða langlífi,
- 30) „skipti á framleiðanda“: yfirfærsla, að beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, frá einum framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til annars á tilsvarendi fjárhæðum, eða eftir atvikum á eignum í fríðu í samræmi við 4. mgr. 52. gr., frá einum samevrópskum séreignarsparnaðarreikningi til annars með því að loka fyrri samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum, með fyrirvara um e-lið 4. mgr. 53. gr.,
- 31) „ráðgjöf“: einstaklingsbundin ráðlegging sem veitt er viðskiptavini í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð af framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að því er varðar einn eða fleiri samninga um samevrópska séreignarsparnaðarafurð,
- 32) „samvinna“: samstarf á milli framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um að bjóða undirreikninga fyrir mismunandi aðildarríki í tengslum við þjónustu við flutning, eins og um getur í 2. mgr. 19. gr.,
- 33) „umhverfis-, félags- og stjórnmunarþættir“ eða „UFS-þættir“: málaflokkar sem varða umhverfi, samfélag og stjórnun eins og þeir sem um getur í Parísarsamningnum, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og meginreglum um ábyrgar fjárfestingar sem njóta stuðnings Sameinuðu þjóðanna.

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

3. gr.

Gildandi reglur

Skráning, framleiðsla, dreifing og eftirlit með samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum skulu falla undir:

- a) þessa reglugerð og:
- b) ef um er að ræða málaflokka sem ekki eru settar reglur um í þessari reglugerð:
 - i. viðkomandi sérlög Sambandsins, þ.m.t. tilsvarende framseldar gerðir og framkvæmdargerðir,
 - ii. lög sem aðildarríki hafa samþykkt við framkvæmd viðkomandi sérlaga Sambandsins og framkvæmd ráðstafana sem tengjast sérstaklega samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum,
 - iii. önnur landslög sem gilda um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir.

4. gr.

Samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Í samningi um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal mæla fyrir um sértæk ákvæði um viðkomandi samevrópska séreignarsparnaðarafurð í samræmi við gildandi reglur sem um getur í 3. gr.
2. Samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal einkum innihalda eftirfarandi:
 - a) lýsingu á viðkomandi samevrópskri grunnséreignarsparnaðarafurð, eins og um getur í 45. gr., þ.m.t. upplýsingar um tryggingu á því fjármagni sem fjárfest er eða um þá fjárfestingaráætlun sem ætlað er að tryggja fjármagnsvernd,
 - b) lýsingu á öðrum fjárfestingarkostum, eins og um getur í 2. mgr. 42 gr., eftir atvikum,
 - c) skilyrðin sem tengjast breytingu á fjárfestingarkostinum sem um getur í 44. gr.,
 - d) upplýsingar um tryggingavernd fyrir áhættu sem tengist ævilíkum manna, þ.m.t. aðstæðurnar sem munu virkja hana, ef samevrópska séreignarsparnaðarafurðin býður upp á slíka vernd,
 - e) lýsingu á eftirlaunum úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, einkum á mögulegum aðferðum við útgreiðslu og rétti til að breyta útgreiðsluaðferðinni sem um getur í 59. gr.,
 - f) skilyrðin sem tengjast þjónustu við flutning sem um getur í 17. til 20. gr., þ.m.t. upplýsingar um aðildarríkin þar sem undirreikningur er tiltækur,
 - g) skilyrði sem varða þjónustu við skipti sbr. 52. til 55. gr.,

- h) kostnaðarflokka og samanlagðan heildarkostnað gefinn upp í hundraðshlutum og í fjárhæðum, eftir atvikum,
- i) skilyrðin sem tengjast söfnunartímabilinu fyrir undirreikninginn sem samsvarar búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sem um getur í 47. gr.,
- j) skilyrðin sem tengjast útgreiðslutímabilinu fyrir undirreikninginn sem samsvarar búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem um getur í 57. gr.,
- k) eftir atvikum, skilyrði fyrir því að veittar ívilnanir eða hvatar séu endurgreidd aðildarríkinu þar sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur búsetu.

II. KAFLI

SKRÁNING

5. gr.

Skráning

1. Eingöngu er heimilt að veita og dreifa samevrópskri séreignarsparnaðarafurð í Sambandinu ef hún hefur verið skráð í miðlæga opinbera skrá sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin heldur í samræmi við 13. gr.
2. Skráning samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal gilda í öllum aðildarríkjum. Hún veitir framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar rétt til að bjóða samevrópska séreignarsparnaðarafurð og dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar rétt til að dreifa samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni sem skráð er í miðlægu opinberu skrána sem um getur í 13. gr.

Eftirlit með reglufylgni við þessa reglugerð skal framkvæmt á viðvarandi grundvelli í samræmi við IX. kafla.

6. gr.

Umsókn um skráningu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

1. Einungis eftirfarandi fyrirtæki á fjármálamarkaði sem eru með starfsleyfi eða skráningu samkvæmt lögum Sambandsins geta sótt um skráningu á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð:
 - a) lánastofnanir sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁹⁾,
 - b) váttryggingafélag sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁰⁾, og stunda frumtryggingastarfsemi á sviði líftrygginga skv. 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB og II. viðauka við þá tilskipun,
 - c) stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru með starfsleyfi eða skráningu í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/2341 sem, samkvæmt landslögum, lúta eftirliti og eru með starfsleyfi til að veita einnig séreignarafurðir. Í því tilviki skal öllum eignum og skuldbindingum sem samsvara starfsemi við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar haldið aðskildum, án nokkurs möguleika til yfirfærslu þeirra til annarrar lífeyristengdrar starfsemi stofnunarinnar,

⁽¹⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnis eftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

- d) verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/EB, sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns,
- e) fjárfestingarfélög eða rekstrarfélög sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB,
- f) rekstraraðilar sérhæfðra sjóða í Evrópusambandinu sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB.

2. Fyrirtæki á fjármálamarkaði sem skráð eru í 1. mgr. þessarar greinar skulu leggja fram umsókn um skráningu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hjá lögbærum yfirvöldum sínum. Umsóknin skal hafa að geyma:

- a) staðlaða skilmála samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem bjóða á rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eins og um getur í 4. gr.,
- b) upplýsingar um deili á umsækjandanum,
- c) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi eignasafn og áhættustýringu og stjórnsýslu að því er varðar samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina, þ.m.t. fyrirkomulag eins og um getur í 2. mgr. 19. gr., 5. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 49. gr.,
- d) skrá yfir aðildarríki þar sem sá framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem sækir um hefur í hyggju að markaðssetja samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina, eftir atvikum,
- e) upplýsingar um deili á vörsluaðila, eftir atvikum,
- f) lykilupplýsingar um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eins og um getur í 26. gr.,
- g) skrá yfir aðildarríki þar sem sá framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem sækir um getur tryggt tafarlausa opnun undirreiknings.

3. Lögbær yfirvöld skulu meta hvort umsóknin, sem um getur í 2. mgr., sé fullnægjandi innan 15 virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar.

Lögbær yfirvöld skulu veita umsækjanda frest til að veita viðbótarupplýsingar ef umsóknin er ekki fullnægjandi. Eftir að umsóknin telst fullnægjandi skal lögbært yfirvald tilkynna umsækjandanum um það.

4. Lögbær yfirvöld skulu taka ákvörðun um skráningu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar innan þriggja mánaða frá þeim degi sem fullnægjandi umsókn skv. 3. mgr. er lögð fram þó því aðeins að umsækjandi teljist hæfur skv. 1. mgr. til að bjóða samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir og að þær upplýsingar og þau skjöl sem lögð eru fram með umsókn um skráningu sbr. 2. mgr. séu í samræmi við þessa reglugerð.

5. Innan fimm virkra daga frá því að ákvörðun um skráningu samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar er tekin skulu lögbær yfirvöld tilkynna ákvörðunina til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar ásamt þeim upplýsingum og skjölum sem um getur í a-, b-, d-, f- og g-lið 2. mgr. og upplýsa þann framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem sækir um um það.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal ekki vera ábyrg eða bera ábyrgð á ákvörðun um skráningu sem tekin er af lögbæru yfirvaldi.

Ef lögbær yfirvöld hafna skráningu skulu þau senda út rökstudda ákvörðun sem hægt er að áfrýja.

6. Ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald í aðildarríki fyrir tiltekinn flokk fyrirtækja á fjármálamarkaði eins og um getur í 1. mgr. skal það aðildarríki tilnefna eitt lögbært yfirvald fyrir hverja tegund af fyrirtæki á fjármálamarkaði sem um getur í 1. mgr., til að vera ábyrgt fyrir málsmeðferð við skráningu og samskiptum við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina.

Allar síðari breytingar á upplýsingunum og skjölunum sem látin eru í té með umsókninni sem um getur 2. mgr. skulu tafarlaust tilkynntar lögbæru yfirvaldi. Ef breytingar verða í tengslum við þær upplýsingar og skjöl sem um getur í a-, b-, d-, f- og g-liðum 2. mgr. skal lögbært yfirvald án ótilhlýðilegrar tafar tilkynna þær til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

7. gr.

Skráning á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð

1. Innan fimm virkra daga frá dagsetningu tilkynningar um ákvörðun um skráningu sem og um upplýsingar og skjöl í samræmi við 5. mgr. 6. gr. skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skrá samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina í miðlæga opinbera skrá sem um getur í 13. gr. og tilkynna lögbæru yfirvaldi um það án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Innan fimm virkra daga frá móttöku tilkynningar um skráningu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald upplýsa þann framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem sækir um um það.

3. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur boðið samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina og dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur dreift henni frá og með skráningardegi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar í hina miðlægu opinberu skrá sem um getur í 13. gr.

8. gr.

Skilyrði fyrir afskráningu á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð

1. Lögbæru yfirvöldin skulu gefa út ákvörðun um afskráningu á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni þegar:

a) framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar fellur með skýrum hætti frá skráningunni,

- b) framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur fengið skráninguna með því að gefa rangar yfirlýsingar eða öðlast hana á annan óeðlilegan hátt,
- c) framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- d) framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eða samevrópska séreignarsparnaðarafurðin uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir skráningunni.

2. Innan fimm virkra daga frá því að ákvörðun er tekin um afskráningu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal lögbært yfirvald tilkynna Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um það og upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

3. Innan fimm virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar um ákvörðunina um afskráningu sem um getur í 2. mgr. skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin afskrá samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina og tilkynna lögbæru yfirvaldi um það.

4. Innan fimm virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar um afskráninguna á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni sem um getur í 3. mgr., þ.m.t. dagsetningu afskráningarinnar skal lögbært yfirvald upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um það.

5. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal ekki bjóða samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina og dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ekki dreifa henni frá og með afskráningardegi hennar úr miðlægu opinberu skránni sem um getur í 13. gr.

6. Ef Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur móttengið upplýsingar um að eitt þeirra tilvika sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. þessarar greinar sé til staðar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, í samræmi við skylduna um samstarf á milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 66. gr., fara þess á leit við lögbær yfirvöld framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar að staðfesta að slíkt tilvik sé til staðar og skulu lögbæru yfirvöldin leggja fram niðurstöður sínar og tilsvarendi upplýsingar til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

7. Áður en ákvörðun er tekin um afskráningu samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skulu lögbæru yfirvöldin og Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin eftir bestu getu tryggja að hagsmunir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar séu varðir.

9. gr.

Merking

Merkinguna „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ eða „PEPP“ í tengslum við séreignarsparnaðarafurð má eingöngu nota þegar Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur skráð að séreignarsparnaðarafurðinni megi dreifa undir merkingunni „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ í samræmi við þessa reglugerð.

*10. gr.***Dreifing samevrópskra séreignarsparnaðarafurða**

1. Fyrirtæki á fjármálamarkaði sem um getur í 1. mgr. 6. gr. geta dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þau hafa framleitt. Þau geta einnig dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þau hafa ekki framleitt að því tilskildu þau hlíti viðkomandi sérlögum í samræmi við heimild þeirra til að dreifa afurðum sem þau hafa ekki framleitt.
2. Vátryggingamiðlarar sem skráðir eru í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/97 og verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB til að veita fjárfestingaráðgjöf, eins og skilgreint er í 4. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, geta dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem þau hafa ekki framleitt.

*11. gr.***Varfærnireglur sem gilda um mismunandi tegundir framleiðenda**

Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu hlíta þessari reglugerð, sem og viðkomandi varfærnireglum sem gilda um þá í samræmi við lagagerðirnar sem um getur í 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr.

*12. gr.***Birting landsákvæða**

1. Innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli sem gilda um skilyrðin sem tengjast söfnunartímabilinu sem um getur í 47. gr. og skilyrðunum sem tengjast útgreiðslutímabilinu sem um getur í 57. gr., þ.m.t. upplýsingar um landsbundnar viðbótarmálsmeðferðir sem komið var á til að sækja um ívilnanir og hvata sem ákvörðuð eru á landsvísu, eftir atvikum, skulu gerð opinber og þeim haldið uppfærðum af viðkomandi landsyfirvaldi.
2. Öll lögbær yfirvöld í aðildarríki skulu viðhalda á vefsetri sínu tengli á þá texta sem um getur í 1. mgr. og halda honum uppfærðum.
3. Birting textanna sem um getur í 1. mgr. skal eingöngu vera í upplýsingaskyni og ekki skapa lagaskyldu eða bótaábyrgð fyrir viðkomandi landsyfirvald.

*13. gr.***Miðlæg opinber skrá**

1. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal halda miðlæga opinbera skrá þar sem tilgreind er sérhver samevrópsk séreignarsparnaðarafurð sem skráð er samkvæmt þessari reglugerð, skráningarnúmer samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, lögbær yfirvöld framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, skráningardagur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, tæmandi listi yfir aðildarríki þar sem hin samevrópska séreignarsparnaðarafurð er í boði og tæmandi listi yfir aðildarríkin þar sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður undirreikning. Skráin skal vera aðgengileg öllum á rafrænu formi og henni skal haldið uppfærðri.
2. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um tenglana sem um getur í 2. mgr. 12. gr. og halda þessum upplýsingum uppfærðum.
3. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal birta og halda uppfærðum tenglunum sem um getur í 2. mgr. í miðlægu opinberu skránni sem um getur í 1. mgr.

III. KAFLI

FRAMBOÐ OG FLYTJANLEIKI SAMEVRÓPSKRAR SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐAR YFIR LANDAMÆRI

I. HLUTI

Frelsi til að veita þjónustu og staðfesturéttur

14. gr.

Nýting framleiðenda og dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétti

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta boðið og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta dreift samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum innan yfirráðasvæðis gístiaðildarríkis samkvæmt frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti, að því tilskildu þeir geri það í samræmi við viðkomandi reglur og málsmeðferðir sem komið var á með, eða samkvæmt, lögum Sambandsins sem gilda um þá og sem um getur í a-, b-, d- og e-liðum 1. mgr. 6. gr. eða í 2. mgr. 10. gr., eftir að hafa tilkynnt um ætlun sína að opna undirreikning fyrir það gístiaðildarríki í samræmi við 21. gr.

2. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eins og um getur í c- og f-liðum 1. mgr. 6. gr. skulu hlíta reglunum sem settar eru fram í 15. gr.

15. gr.

Nýting stofnunar um starfstengdan lífeyri og rekstraraðila sérhæfðs sjóðs í Evrópusambandinu á frelsi til að veita þjónustu

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eins og um getur í c- og f-liðum 1. mgr. 6. gr. sem hafa í hyggju að bjóða samevrópska séreignarsparnaðarafurð til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar innan yfirráðasvæðis gístiaðildarríkis í fyrsta skipti samkvæmt frelsi til að veita þjónustu og eftir að hafa tilkynnt fyrirætlun sína um að opna undirreikning fyrir gístiaðildarríkið í samræmi við 21. gr., skulu tilkynna eftirfarandi upplýsingar til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis síns:

a) nafn og heimilisfang framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,

b) aðildarríkið þar sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur í hyggju að bjóða eða dreifa samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

2. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu senda upplýsingarnar til gístiaðildarríkisins innan 10 virkra daga frá móttöku þeirra ásamt staðfestingu um að framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar hlíti kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. 6. gr. Tilkynna á upplýsingarnar til lögbæru yfirvaldanna í gístiaðildarríkinu nema lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu hafi ástæðu til að efast um að skipulag stjórnsýslu í tengslum við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða fjárhagsstaða framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eins og um getur í c- og f-lið 1. mgr. 6. gr. sé fullnægjandi.

Neiti lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu að veita lögbæru yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu upplýsingarnar skulu þau gera hlutaðeigandi framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar grein fyrir ástæðum synjunarinnar innan eins mánaðar frá því að þeim hafa borist allar upplýsingar og skjöl. Heimilt er að leita til dómstóla í heimaaðildarríki framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar við synjun eða ef ekkert svar berst.

3. Lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu skulu innan 10 virkra daga staðfesta móttöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu þá upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um að upplýsingarnar hafi verið móttæknar af lögbæru yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu og að framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar geti hafið veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í því aðildarríki.

4. Þegar ekki liggur fyrir staðfesting á móttöku eins og um getur í 3. mgr. innan 10 virkra daga frá því að upplýsingarnar voru sendar eins og um getur í 2. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um að hann geti byrjað að veita þjónustu í því gístiaðildarríki.

5. Verði breyting á upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar tilkynna þá breytingu til lögbæru yfirvaldanna í heimaaðildarríkinu, a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu upplýsa lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu um breytinguna eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningarinnar.

6. Gístiaðildarríkjum er heimilt, að því er varðar þessa málsmeðferð, að tilnefna önnur lögbær yfirvöld en þau sem um getur í 18. lið 2. gr. til að beita valdheimildum sem lögbæru yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu hafa verið veittar. Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina þar um og tilgreina verkaskiptingu milli aðila á þessum skyldum.

16. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins

1. Ef lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu hafa ástæðu til að ætla að samevrópskri séreignarsparnaðarafurð sé dreift innan yfirráðasvæðis þess, eða að undirreikningur fyrir það aðildarríki hafi verið opnaður í bága við einhverjar skuldbindingar sem leiða af gildandi reglum, eins og um getur í 3. gr., skulu þau vísa niðurstöðum sínum til lögbæru yfirvaldanna í heimaaðildarríki framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

2. Eftir að hafa lagt mat á móttæknu upplýsingarnar skv. 1. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu, eftir atvikum, gera án tafar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á stöðunni. Þau skulu upplýsa lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu um allar slíkar ráðstafanir.

3. Ef ráðstafanirnar sem lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu gera reynast vera ófullnægjandi eða þær skortir, og framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar heldur áfram að dreifa samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni á þann hátt sem augljóslega veldur skaða fyrir hagsmuni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar gístiaðildarríkisins eða eðlilegri starfsemi markaðarins fyrir séreignarsparnaðarafurðir í því aðildarríki, geta lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari frávik, þ.m.t. og að því marki sem er algjörlega nauðsynlegt, til að koma í veg fyrir að framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar haldi áfram dreifingunni á samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum innan yfirráðasvæðis þess.

Að auki geta lögbæru yfirvöldin í heima- eða gístiaðildarríkinu vísað málinu til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

4. Ákvæði 1. til 3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á vald gístiaðildarríkisins til að gera viðeigandi ráðstafanir sem eru án mismununar til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þess, í aðstæðum þegar nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða til að vernda réttindi neytenda gístiaðildarríkisins, og þegar jafngildar ráðstafanir heimaaðildarríkisins eru ófullnægjandi eða þær skortir, eða í tilvikum þar sem frávik eru andstæð landsbundnum lagaákvæðum til verndar almannaheill, að því marki sem eru algjörlega nauðsynlegar. Við slíkar aðstæður skulu gístiaðildarríkin hafa möguleika til að koma í veg fyrir að framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar stundi nýja starfsemi á yfirráðasvæði þeirra.

5. Allar ráðstafanir sem samþykktar eru af lögbæru yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu samkvæmt þessari grein skulu sendar framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í vel rökstuddu skjali og tilkynntar lögbæru yfirvöldunum í heimaaðildarríkinu án ástæðulausrar tafar.

II. HLUTI

Flutningur

17. gr.

Þjónusta við flutning

1. Réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu eiga rétt á að nota þjónustu við flutning sem veitir þeim rétt til að halda áfram að leggja inn á fyrirbyggjandi samevrópskan séreignarsparnaðarreikning þegar þeir flytja búsetu sína til annars aðildarríkis.

2. Þegar þjónusta við flutning er notuð eiga réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar rétt á að halda öllum ívilnunum og hvötum sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur veitt og sem tengd eru áframhaldandi fjárfestingu í samevrópski séreignarsparnaðarafurð þeirra.

18. gr.

Veiting þjónustu við flutning

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu veita réttihöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem eru með samevrópskan séreignarsparnaðarreikning hjá þeim, og fara fram á slíkt, þá þjónustu við flutning sem um getur í 17. gr.

2. Þegar tillaga er gerð um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar veita væntanlegum réttihöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar upplýsingar um þjónustu við flutning og hvaða undirreikningar séu nú þegar tiltækir.

3. Sérhver framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal bjóða landsbundna undirreikninga fyrir a.m.k. tvö aðildarríki innan þriggja ára frá deginum sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda þegar beiðni um það er beint til framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

19. gr.

Undirreikningar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

1. Ef framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar veita réttihöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar þjónustu við flutning í samræmi við 17. gr. skulu framleiðendur afurðarinnar tryggja að þegar nýr undirreikningur er stofnaður innan samevrópsks séreignarsparnaðarreiknings sé hann í samræmi við þær lagakröfur og -skilyrði, eins og um getur í 47. og 57. gr., sem hið nýja búsetuaðildarríki réttihafans hefur ákvarðað á landsvísu fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina. Allar færslur á samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn skulu færðar inn í viðeigandi undirreikning. Iðgjöld greidd inn á undirreikning og úttektir af undirreikningi geta fallið undir sérstaka samningsskilmála.

2. Með fyrirvara um gildandi sérlög geta framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einnig tryggt reglufylgni við kröfurnar sem um getur í 1. mgr. með því að koma á samvinnu við annan skráðan framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar („samstarfsaðilinn“).

Með hliðsjón af umfangi starfsþáttanna sem samstarfsaðilinn á að annast skal samstarfsaðilinn hafa réttindi og getu til að framkvæma framseldu starfsþættina. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal gera skriflegan samning við samstarfsaðilann. Samningurinn skal vera framfylgjanlegur samkvæmt lögum og í honum skulu réttindi og skyldur framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og samstarfsaðilans skýrt skilgreind. Samningurinn skal hlíta viðkomandi reglum og málsmeðferðum fyrir framsal og útvistun sem komið var á með, eða samkvæmt, lögum Sambandsins sem gilda þar um, eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. Þrátt fyrir þann samning skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar áfram einn bera ábyrgð á skuldbindingum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

20. gr.

Stofnun nýs undirreiknings

1. Eftir að hafa verið upplýstur um breytta búsetu rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til annars aðildarríkis skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar án tafar upplýsa rétthafann um möguleikann á að stofna nýjan undirreikning innan samevrópska séreignarsparnaðarreikningsins á nafni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og um tímarammann sem hægt er að opna slíkan undirreikning.

Í því tilviki skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar veita rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar endurgjaldslaust lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem inniheldur sértæku kröfurnar, sem um getur í g-lið 3. mgr. 28. gr., fyrir undirreikninginn sem samsvarar nýju búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

Ef nýr undirreikningur er ekki tiltækur skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar án endurgjalds um réttinn til að skipta án tafar og um möguleikann á að halda sparnaði áfram inn á síðasta undirreikninginn sem opnaður var.

2. Ef rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur í hyggju að nýta möguleikann á að opna undirreikning skal hann upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um eftirfarandi:

- a) nýtt búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
- b) dagsetninguna þegar hefja skal að beina iðgjöldum inn á nýja undirreikninginn,
- c) allar viðkomandi upplýsingar um önnur skilyrði fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni.

3. Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur haldið áfram að leggja inn á síðasta undirreikninginn sem stofnaður var.

4. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal veita rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einstaklingsmiðaðar ráðleggingar um og útskýringar á hvort hagstæðara sé að stofna nýjan undirreikning innan samevrópska séreignarsparnaðarreikningsins á nafni rétthafans og greiða iðgjöld inn á nýja undirreikninginn heldur en að halda áfram að leggja inn á síðasta undirreikning sem stofnaður var.

5. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur ekki tryggt stofnun á nýjum undirreikningi sem samsvarar nýju búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, skal rétthafinn geta að eigin vali:

- a) skipt um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar án tafar og endurgjaldslaust, þrátt fyrir kröfurnar í 3. mgr. 52. gr. um tíðni á skiptum, eða
- b) haldið áfram að leggja inn á síðasta undirreikning sem stofnaður var.

6. Nýi undirreikningurinn skal stofnaður með því að breyta núverandi samningi um samevrópska séreignarsparnaðarafurð á milli rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, í samræmi við gildandi samningarétt. Stofndagsetningin skal skilgreind í samningnum.

21. gr.

Veiting upplýsinga um flutning til lögbærra yfirvalda

1. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem óskar að stofna nýjan undirreikning fyrir gistiaðildarríki í fyrsta skipti skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um það.

2. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal láta eftirfarandi upplýsingar og skjöl koma fram í tilkynningunni:

- a) staðlaða samningsskilmála samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, eins og um getur í 4. gr., þ.m.t. viðaukann fyrir nýja undirreikninginn,
- b) lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, sem inniheldur sértæku kröfurnar fyrir undirreikninginn sem samsvarar nýja undirreikningnum í samræmi við g-lið 3. mgr. 28. gr.,
- c) lífeyrisyfirlitið fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem um getur í 36. gr.,
- d) upplýsingar um samningsbundið fyrirkomulag sem um getur í 2. mgr. 19. gr., eftir atvikum.

3. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu sannreyna hvort skjölin sem veitt eru séu fullnægjandi og senda þau innan 10 virkra daga frá viðtöku á öllum skjölunum til lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu.

4. Lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu skulu án tafar staðfesta móttöku upplýsinganna og skjalanna sem um getur í 2. mgr.

5. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu þá upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um að upplýsingarnar hafi verið móttæknar af lögbæru yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu og að framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar geti stofnað undirreikning fyrir það aðildarríki.

Þegar ekki liggur fyrir staðfesting á móttöku eins og um getur í 4. mgr. innan 10 virkra daga frá sendingardegi skjalanna eins og um getur í 3. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu upplýsa framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um að stofna megi undirreikning fyrir það aðildarríki.

6. Ef breyting verður á upplýsingum og skjölum sem um getur í 2. mgr. skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar tilkynna þá breytingu til lögbæru yfirvaldanna í heimaaðildarríkinu, a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu upplýsa lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu um breytinguna eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningarinnar.

IV. KAFLI

DREIFINGAR- OG UPPLÝSINGAKRÖFUR

1. HLUTI

Almenn ákvæði

22. gr.

Almenn meginregla

Við framkvæmd dreifingarstarfsemi fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir skulu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðar ætíð koma fram af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku og með hagsmuni viðskiptavina sinna í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð að leiðarljósi.

23. gr.

Dreifingarreglur sem gilda um mismunandi gerðir af framleiðendum og dreifingaraðilum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

1. Að því er varðar dreifingu á samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum skulu mismunandi gerðir af framleiðendum og dreifingaraðilum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hlíta eftirfarandi reglum:

- a) váttryggingafélög eins og um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar og váttryggingamiðlarar eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar skulu hlíta gildandi landslögum sem sett eru til að koma í framkvæmd reglunum í V. og VI. kafla tilskipunar (ESB) 2016/97, að undanskildum ákvæðum 20., 23. og 25. gr. og 30. gr. (3. mgr.) þeirrar tilskipunar að því er varðar dreifingu á váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum, sérhverjum lögum Sambandsins sem gilda með beinum hætti og samþykkt voru samkvæmt þeim reglum að því er varðar dreifingu á slíkum afurðum, og þessari reglugerð, að undanskildum ákvæðum 4. mgr. 34. gr.,
- b) verðbréfafyrirtæki eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar skulu hlíta gildandi landslögum sem sett eru til að koma í framkvæmd reglunum um markaðssetningu og dreifingu á fjármálagerningum í 16. gr. (fyrstu undirgrein 3. mgr.) og 23., 24. og 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að undanskildum ákvæðum 2. mgr. 24. gr. og 3. og 4. mgr. 25. gr. þeirrar tilskipunar, sérhverjum lögum Sambandsins sem gilda með beinum hætti og samþykkt voru samkvæmt þeim ákvæðum og þessari reglugerð, að undanskildum ákvæðum 4. mgr. 34. gr.,
- c) allir aðrir framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu hlíta gildandi landslögum sem sett eru til að koma í framkvæmd reglunum um markaðssetningu og dreifingu á fjármálagerningum í 16. gr. (fyrstu undirgrein 3. mgr.) og 23., 24. og 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að undanskildum ákvæðum 2. mgr. 24. gr. og 2., 3. og 4. mgr. 25. gr. þeirrar tilskipunar, sérhverjum lögum Sambandsins sem gilda með beinum hætti og samþykkt voru samkvæmt þeim ákvæðum og þessari reglugerð.

2. Reglurnar sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. skulu eingöngu gilda að því marki að engin strangari ákvæði séu í gildandi landslögum sem sett eru til að koma í framkvæmd reglunum í V. og VI. kafla tilskipunar (ESB) 2016/97.

24. gr.

Rafræn dreifing og aðrir varanlegir miðlar

Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu veita viðskiptavinum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð öll skjöl og upplýsingar samkvæmt þessum kafla með rafrænum hætti, án endurgjalds, að því tilskildu að viðskiptavinurinn í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð geti vistað slíkar upplýsingar þannig að nálgast megi síðar og í hæfilega langan tíma eftir því hvaða tilgangi þær þjóna, og að mögulegt sé að afrita upplýsingarnar sem vistaðar eru óbreyttar.

Að fenginni beiðni þar um skulu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einnig veita þessi skjöl og upplýsingar á öðrum varanlegum miðli, þ.m.t. á pappír, án endurgjalds. Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu upplýsa viðskiptavini í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð um rétt sinn til að æska afrits af þessum skjölum á öðrum varanlegum miðli, þ.m.t. á pappír, án endurgjalds.

25. gr.

Kröfur um eftirlit og stýringu afurða

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu viðhalda, starfrækja og endurskoða ferli fyrir samþykki á hverri samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, eða umtalsverðri breytingu á fyrirbyggjandi samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, áður en henni er dreift til viðskiptavina.

Samþykktarferli afurðarinnar skal taka mið af og hæfa einkennum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

Í samþykktarferli afurðarinnar skal tilgreina skilgreindan markhóp fyrir hverja samevrópska séreignarsparnaðarafurð, tryggja að öll áhætta sem á við um slíkan markhóp sé metin og að fyrirhuguð dreifingaráætlun sé í samræmi við hinn skilgreinda markhóp og gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni sé dreift til skilgreinda markhópsins.

Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal hafa skilning á og reglulega endurskoða samevrópsku séreignarsparnaðarafurðirnar sem hann býður, með tilliti til allra atburða sem gætu haft veruleg áhrif á mögulega áhættu fyrir skilgreinda markhópinn, til að meta a.m.k. hvort samevrópsku séreignarsparnaðarafurðirnar séu áfram í samræmi við þarfir skilgreinda markhópsins og hvort fyrirhuguð dreifingaráætlun sé áfram viðeigandi.

Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu láta dreifingaraðilum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í té allar viðeigandi upplýsingar um afurðina og ferlið við samþykki hennar, þ.m.t. um hinn skilgreinda markhóp fyrir viðkomandi samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

Dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu koma á fullnægjandi fyrirkomulagi til að nálgast upplýsingarnar sem um getur í fimmtu undirgrein og skilja eiginleikana og skilgreinda markhópinn fyrir hverja og eina samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

2. Stefnurnar, ferlarnir og fyrirkomulagið sem um getur í þessari grein skulu ekki hafa áhrif á neinar aðrar kröfur sem gilda eða beitt er samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. þær sem tengjast birtingu upplýsinga, hentugleika eða tilhlýðileika, auðkenningu og stýringu hagsmunaárekstra, söluhvötum og umhverfis-, félags- og stjórnunarbáttum.

II. HLUTI

Upplýsingagjöf fyrir samningsgerð

26. gr.

Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Áður en samevrópska séreignarsparnaðarafurð er boðin rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar semja lykilupplýsingaskjal um afurðina í samræmi við kröfurnar í þessum hluta og birta lykilupplýsingaskjalið um afurðina á vefsetri sínu.

2. Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður. Þær skulu settar fram með sanngjörnum og skýrum hætti og ekki vera villandi. Skjalið skal veita lykilupplýsingar og vera í samræmi við öll bindandi samningsskjöl, viðkomandi hluta tilboðsskjala og skilmála samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

3. Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal vera sérstakt skjal, greinilega aðgreint frá markaðsefni. Í því skulu ekki vera millivísanir í markaðsefni. Heimilt er að það vísi til annarra skjala, þ.m.t. útboðs- og skráningarlýsingar þegar við á, en aðeins þegar millivísunin tengist upplýsingum sem þessi reglugerð kveður á um að séu í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

Semja ætti sérstakt lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina.

4. Ef framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar býður réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar aðra fjárfestingarkosti en ekki er hægt að veita allar upplýsingar sem krafist er í 3. mgr. 28. gr. varðandi þá undirliggjandi fjárfestingarkosti í einu, skýru og stöku lykilupplýsingaskjali um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar útbúa eitt af eftirfarandi:

- a) sérstakt lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð fyrir sérhvern annan fjárfestingarkost,
- b) almennt lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem veitir a.m.k. almenna lýsingu á öðrum fjárfestingarkostum og þar sem gefið er upp hvar og hvernig hægt er að finna nákvæmari upplýsingar, sem veittar eru áður en samningur er gerður, er varðar þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar þessum fjárfestingarkostum.

5. Í samræmi við 24. gr. skal lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð útfært sem stutt skjal, ritað á skýran hátt. Það skal:

- a) sett fram og hannað þannig að það sé auðvelt aflestrar og notast við læsilega leturstærð,
- b) leggja áherslu á lykilupplýsingarnar sem viðskiptavinir í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð þurfa á að halda,
- c) vera skýrt orðað og skrifað á máli og með stíl sem auðveldar skilning á upplýsingunum, einkum á máli sem er skýrt, gagnort og skiljanlegt.

6. Ef litir eru notaðir í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu þeir ekki draga úr skiljanleika upplýsinganna þótt lykilupplýsingaskjalið sé prentað eða ljósritað í svarthvítu.

7. Ef firma- eða kennimerki framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eða samstæðunnar sem hann tilheyrir er notað í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal það ekki draga athygli frá upplýsingunum í skjalinu eða gera textann óskýran.

8. Í viðbót við lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar vísa væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á tilvísanir í allar opinberlega aðgengilegar skýrslur um fjárhagsstöðu framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þ.m.t. gjaldþol hans, og gera væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að nálgast þessar upplýsingar á auðveldan hátt.

9. Væntanlegir réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu einnig fá upplýsingar um fyrri árangur fjárfestingarkosts réttihafans sem nær a.m.k. yfir 10 ár eða, í því tilviki sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin hefur verið veitt skemur en í 10 ár, sem nær yfir öll árin sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin hefur staðið til boða. Upplýsingum um fyrri árangur skal fylgja yfirlýsingin: „fyrri árangur er ekki vísbending um árangur í framtíðinni“.

27. gr.

Tungumál lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Rita skal lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð á þeim opinberu tungumálum eða a.m.k. á einu þeirra opinberu tungumála sem notuð eru í þeim hluta aðildarríkisins þar sem samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni er dreift eða á öðru tungumáli sem lögbær yfirvöld í því aðildarríki viðurkenna eða þýða það yfir á eitt af þessum tungumálum hafi það verið ritað á öðru tungumáli.

Þýðingin skal gefa áreiðanlega og nákvæma mynd af innihaldi upprunalega lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

2. Ef samevrópsk séreignarsparnaðarafurð er markaðssett í aðildarríki með markaðsefni á einu eða fleiri opinberum tungumálum þess aðildarríkis skal lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð ritað a.m.k. á samsvarandi opinberum tungumálum.

3. Að fenginni beiðni skal lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð gert tiltækt sjónskertum rétt höfum á viðeigandi formi.

28. gr.

Innihald lykilupplýsingaskjals um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Titillinn „Lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð“ skal vera á áberandi stað efst á fyrstu síðu lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

Framsetning lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal vera í þeirri röð sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

2. Setja skal skýringu beint fyrir neðan titilinn. Hún skal vera svohljóðandi:

„Í þessu skjali eru veittar lykilupplýsingar um þessa samevrópsku séreignarsparnaðarafurð (PEPP). Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og sett fram í þeim tilgangi að unnt sé að skilja einkenni afurðarinnar, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap og að bera hana saman við aðrar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir.“

3. Í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) í upphafi skjalsins: Nafnið á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni, hvort um sé að ræða samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurð eða ekki, auðkenni og samskiptaupplýsingar framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, upplýsingar um lögbær yfirvöld framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, skráningarnúmer samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar í miðlægu opinberu skránni og dagsetning skjalsins,

b) yfirlýsingin: „Lífeyrisafurðin sem lýst er í þessu skjali er langtímaafurð með takmarkaðan innleysanleika og sem ekki er hægt að segja upp hvenær sem er.“,

c) undir lið sem ber titilinn „Hvað felst í afurðinni?“, sérkenni og helstu eiginleikar samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, þ.m.t.:

i. langtímamarkmiðin með henni og leiðir til að ná þeim, einkum hvort markmiðunum verði náð með beinni eða óbeinni áhættuskuldbindingu vegna undirliggjandi fjárfestinga, þ.m.t. lýsingu á undirliggjandi gerningum eða viðmiðunargildum, og tilgreiningu á þeim mörkuðum þar sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar fjárfestir, svo og útskýringu á með hvaða hætti ávöxtun er ákvörðuð,

- ii. lýsingu á þeim hópi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem áformað er að markaðssetja samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina til, einkum með tilliti til getu rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til að mæta tapi af fjárfestingum og til hve langs tíma fjárfestingin er,
- iii. yfirlýsing um
 - hvort samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin veiti tryggingu fyrir fjármagnið eða sé í formi áhættumildunar í samræmi við markmiðið að gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að endurheimta fjármagnið, eða
 - hvort og að hve miklu leyti einhver annar fjárfestingarkostur, ef við á, veiti tryggingu eða aðferðir til mildunar áhættu,
- iv. lýsingu á eftirlaunum úr samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, einkum á mögulegum aðferðum við útgreiðslu og rétti til að breyta útgreiðsluáðferðinni eins og um getur í 1. mgr. 59. gr.,
- v. hvort samevrópska séreignarsparnaðarafurðin nái yfir áhættu sem tengist ævilíkum manna: nánari upplýsingar um áhættuna sem er verið að tryggja og hugsanlegar váttryggingabætur, þ.m.t. þær aðstæður sem kunna að leiða til bótakröfu,
- vi. upplýsingar um þjónustu við flutning, þ.m.t. tilvísun til miðlægu opinberu skrárinnar sem um getur í 13. gr. þar sem upplýsingar um skilyrðin fyrir söfnunartímabilinu og útgreiðslutímabilinu sem ákvarðaður er af aðildarríkjunum í samræmi við 47. og 57. gr. eru geymdar,
- vii. yfirlýsingu um afleiðingarnar fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar af snemmbærri útgreiðslu af samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni, þ.m.t. tilheyrandi gjöld, skerðingar og mögulegur missir fjármagnsverndar og annarra mögulegra ívilnana og hvata,
- viii. yfirlýsingu um afleiðingarnar fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ef hann hættir að leggja inn á afurðina,
- ix. upplýsingar um tiltæka undirreikninga og réttindi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem um getur í 5. mgr. 20. gr.,
- x. upplýsingar um rétt rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til að skipta og réttinn til að fá upplýsingar um þjónustu við skipti sem um getur í 56. gr.,
- xi. skilyrðin fyrir breytingu á valda fjárfestingarkostinum sem um getur í 44. gr.,
- xii. upplýsingar, ef tiltækar eru, sem tengjast árangrinum af fjárfestingum framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar með tilliti til umhverfis-, félags- og stjórnumarpátta,
- xiii. lögín sem gilda um samninginn um samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina ef aðilarnir hafa ekki frjálst val um gildandi lög eða, þegar aðilarnir hafa frjálst val um gildandi lög, lögín sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar gerir tillögu um að velja,
- xiv. eftir atvikum, hvort rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hafi umþóttunartíma eða uppsagnartíma,

d) undir lið sem ber titilinn „Hver er áhættan og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“, skal vera stutt lýsing á áhættu- og ávöxtunarsniðinu sem samanstendur af eftirfarandi þáttum:

i. samanteknum áhættuvísi, ásamt textaskýringu á þeim vísi, helstu takmörkunum hans og lýsingu í samfelldu máli á þeim áhættum sem teljast mikilvægar fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina og endurspeglast ekki á fullnægjandi hátt í samantekna áhættuvísinum,

ii. mesta mögulega tap af fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um:

— hvort rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti tapað allri fjárfestingunni eða

— hvort rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar beri sjálfur áhættuna af viðbótarfjárskuldbindingum eða öðrum skuldbindingum sem stofnað er til,

iii. viðeigandi árangurssviðsmyndir og forsendurnar sem þær byggja á,

iv. eftir atvikum, skilyrðin fyrir að ávöxtun renni til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða innbyggðu árangursþaki,

v. yfirlýsingu um að skattalöggjöf búsetuaðildarríkis rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti haft áhrif á raunverulega útgreiðslu,

e) í lið sem ber titilinn „Hvað gerist ef [nafn framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar] getur ekki greitt út lífeyri?“, skal vera stutt lýsing á því hvort tap á fjárfestu fjármagni sé á ábyrgð fjárfesta eða falli undir ábyrgðarkerfi, og ef svo er, um hvaða kerfi er að ræða, nafnið á ábyrgðarveitandanum og hvaða áhættu kerfið nær yfir og hverja ekki,

f) í lið sem ber titilinn „Hver er kostnaðurinn?“, skal tilgreina kostnaðinn sem tengist fjárfestingu í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni, að meðtöldum bæði beinum og óbeinum kostnaði sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ber, þ.m.t. einskiptiskostnað og endurtekinn kostnað, settan fram með samanteknum vísum fyrir þennan kostnað og, til að tryggja samanburðarhæfi, samanlögðum heildarkostnaði gefnum upp í fjárhæðum og hundradshlutum, til að sýna samanlögðu áhrifin af heildarkostnaðinum á fjárfestinguna.

Í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal taka skýrt fram að framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skuli veita upplýsingar sem tilgreina allan dreifingarkostnað sem ekki er þegar innifalinn í ofangreindum kostnaði, til að gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að skilja þau uppsöfnuðu áhrif sem þessi samanlagði kostnaður hefur á ávöxtunina af fjárfestingunni,

g) undir lið sem ber titilinn „Hvaða skilyrði gilda um undirreikninga fyrir [búsetuaðildarríki mitt]?“:

i. í undirlið sem ber titilinn „Kröfur um inngreiðslutímabilið“:

lýsing á skilyrðunum fyrir söfnunartímabilið, eins og þau eru ákvörðuð af búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í samræmi við 47. gr.,

ii. í undirlið sem ber titilinn: „Kröfur um útgreiðslutímabilið“:

lýsing á skilyrðunum fyrir útgreiðslutímabilinu, eins og þau eru ákvörðuð af búsetuaðildarríki rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í samræmi við 57. gr.,

h) í lið sem ber titilinn „Hvernig ber ég fram kvörtun?“, upplýsingar um hvernig og hjá hverjum réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur lagt fram kvörtun vegna samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eða framferðis framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

4. Ef lykilupplýsingaskjalid um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er veitt á rafrænu formi skal heimilt að þrepaskipta upplýsingum sem krafist er skv. 3. mgr. og setja ítarlegri hluta upplýsinganna fram í felligluggum eða gegnum tengla á viðbótarþrep. Í því tilviki skal vera mögulegt að prenta út lykilupplýsingaskjalid um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem eitt skjal.

5. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir og eftir að hafa gert neytenda- og atvinnugreinaprófun, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) atriðin er varða framsetninguna, þ.m.t. form og lengd skjalsins, og efni hvers þáttar upplýsinganna sem um getur í 3. mgr.,
- b) aðferðafræðina sem liggur til grundvallar framsetningunni á áhættu og ávöxtun eins og um getur í i. og iii. lið d-liðar 3. mgr.,
- c) aðferðafræðina við útreikninginn á kostnaði, þ.m.t. tilgreining á samanteknum vísunum, eins og um getur í f-lið 3. mgr.,
- d) ef upplýsingar eru settar fram á rafrænu formi í þrepum, hvaða upplýsingar eiga að vera í fremsta þrepi og hvaða upplýsingar geta komið fram í ítarlegri viðbótarþrepum.

Við gerð draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin taka tillit til mismunandi mögulegra tegunda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, langtímamarkmiða samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, getu réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, og eiginleika samevrópsku séreignarsparnaðarafurðanna, til að gera réttthafanum kleift að velja á milli mismunandi fjárfestingarkosta og annarra valkosta sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin býður upp á, þ.m.t. þegar val getur farið fram á mismunandi tímapunktum eða unnt er að breyta því síðar.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

29. gr.

Markaðsefni

Markaðsefni sem inniheldur tiltekna upplýsingar sem varða samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina skal ekki fela í sér neina yfirlýsingu sem er í mótsögn við upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eða dregur úr mikilvægi lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð. Í markaðsefni skal gefið til kynna að lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sé tiltækt og upplýsingar veittar um hvernig og hvar megi nálgast það, þ.m.t. vefsetur framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

30. gr.

Endurskoðun lykilupplýsingaskjals um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal a.m.k. árlega endurskoða upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu um afurðina og tafarlaust endurbæta skjalid ef endurskoðunin leiðir í ljós að breytinga sé þörf. Gera skal endurbættu útgáfuna aðgengilega þegar í stað.

2. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir og eftir að hafa gert neytenda- og atvinnugreinaprófun, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrðin fyrir að endurskoða og endurbæta lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

31. gr.

Einkaréttarábyrgð

1. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar bakar sér ekki einkaréttarábyrgð eingöngu á grundvelli lykilupplýsingaskjalsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, þ.m.t. þýðingu á því, nema það sé villandi, feli í sér rangar upplýsingar eða sé í ósamræmi við viðkomandi hluta lagalega bindandi skjala sem eru gerð fyrir eða við samningsgerð eða við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 28. gr.

2. Réttthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem sýnir fram á að tap hafi hlotist af því að reiða sig á lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., þegar hann gerði samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem lykilupplýsingaskjalið tekur til, getur krafist skaðabóta frá framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar vegna þess taps í samræmi við landslög.

3. Hugtök eins og „tap“ eða „skaðabætur“ sem um getur í 2. mgr. og ekki eru skilgreind, skulu túlkuð og þeim beitt í samræmi við gildandi landslög eins og þau eru ákvörðuð af viðeigandi reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

4. Þessi grein útilokar ekki frekari kröfur um einkaréttarábyrgð í samræmi við landslög.

5. Hvorki skal takmarka né fella niður skuldbindingar samkvæmt þessari grein með samningsákvæðum.

32. gr.

Samningar um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem ná yfir áhættu sem tengist ævilíkum manna

Ef lykilupplýsingaskjal um samevrópska séreignarsparnaðarafurð varðar samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem nær yfir áhættu sem tengist ævilíkum manna skulu skuldbindingar framleiðanda afurðarinnar samkvæmt þessum þætti eingöngu snúa að réttahafanum.

33. gr.

Veiting lykilupplýsingaskjals um samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal afhenda væntanlegum réttshöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar öll lykilupplýsingaskjöl um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir sem gerð hafa verið í samræmi við 26. gr. þegar ráðgjöf er veitt um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, eða hún boðin til sölu, með góðum fyrirvara áður en þessir réttshafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar verða bundnir einhverjum samningi um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eða tilboði sem varðar þann samning.

2. Framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur fullnægt kröfunum í 1. mgr. með því að afhenda einstaklingi sem hefur skriflega heimild til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd réttthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að því er varðar viðskipti sem eiga sér stað samkvæmt skriflegu heimildinni.

3. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðrar evrópskrar eftirlitsstofnanir, eftir því sem við á, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfuna um að afhenda lykilupplýsingaskjalið um samevrópska séreignarsparnaðarafurð eins og mælt er fyrir um í 1. mgr.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

III. HLUTI

Ráðgjöf

34. gr.

Nákvæm lýsing á kröfum og þörfum og veiting ráðgjafar

1. Áður en samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður skulu framleiðandi og dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar tilgreina, á grundvelli upplýsinga sem krafist er og aflað hefur verið frá væntanlegum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eftirlaunatengdar kröfur og þarfir þess væntanlega rétthafa, þ.m.t. mögulega þörf fyrir afurð sem býður lífeyri, og skal veita væntanlegum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hlutlægar upplýsingar um afurðina á auðskilinn hátt til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun.

Allir samningar um samevrópska séreignarsparnaðarafurð sem boðið er upp á skulu vera í samræmi við eftirlaunatengdar kröfur og þarfir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, að teknu tillit til áunninna eftirlaunaréttinda hans.

2. Framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal veita væntanlegum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ráðgjöf áður en samningur um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður og veita honum einstaklingsmiðaðar ráðleggingar þar sem útskýrt er hvers vegna tiltekin samevrópsk séreignarsparnaðarafurð, þ.m.t. tiltekinn fjárfestingarkostur, ef við á, sé best til þess fallinn að mæta kröfum og þörfum hans.

Framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal einnig veita væntanlegum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einstaklingsmiðaða spá um lífeyri úr afurðinni sem mælt er með, byggða á fyrsta deginum sem útgreiðslutímabil getur hafist og með fyrirvara um að þessar spár geti verið frábrugðnar endanlegu virði móttækins lífeyris og öðrum réttindum af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Ef spár um lífeyri byggjast á efnahagslegum sviðsmyndum skulu upplýsingarnar einnig innihalda sviðsmynd besta mats og óhagstæða sviðsmynd, að teknu tilliti til sérstaks eðlis samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

3. Ef samevrópsk grunnséreignarsparnaðarafurð er boðin án a.m.k. tryggingar á fjármagnið skulu framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar útskýra með skýrum hætti að til staðar séu samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir með tryggingu á fjármagnið, ástæðurnar fyrir því að mælt er með samevrópskri grunnséreignarsparnaðarafurð sem byggist á áhættuvörn í samræmi við markmiðið um að gera rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar kleift að endurheimta fjármagnið og benda með skýrum hætti á sérhverja viðbótaráhættu sem slíkar samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir geta falið í sér í samanburði við fjármagnstryggða samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurð sem veitir tryggingu á fjármagnið. Þessi útskýring skal gerð skriflega.

4. Við veitingu ráðgjafar skal framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem um getur í c-lið 1. mgr. 23. gr. þessarar reglugerðar, biðja væntanlegan rétthafa að veita upplýsingar um þekkingu og reynslu hans af fjárfestingarsviðinu sem á við um samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina sem boðin er eða sóst er eftir og fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. getu hans til að mæta tapi, og fjárfestingarmarkmið hans, þ.m.t. áhættuþol hans, til að gera framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar kleift að mæla með við væntanlegan rétthafa einni eða fleiri samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum sem henta þeim einstaklingi og, sér í lagi, sem eru í samræmi við áhættuþol hans eða hennar og getu til að mæta tapi.

5. Ábyrgð framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ekki minnka við það að ráðgjöf sé veitt að öllu leyti eða að hluta í gegnum sjálfvirk eða hálfsjálfvirk kerfi.

6. Án þess að hafa áhrif á strangari gildandi sérlög skulu framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar tryggja og sýna lögbærum yfirvöldum fram á, að fenginni beiðni þar um, að einstaklingar sem veita ráðgjöf um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkin skulu birta viðmiðin sem nota á til að meta slíka þekkingu og hæfni.

IV. ÞÁTTUR

Upplýsingar á samningstímanum

35. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu semja gagnort einstaklingsmiðað skjal til afhendingar á söfnunartímabili sem inniheldur lykilupplýsingar fyrir hvern rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þar sem tekið er tillit til sérstakra einkenna landsbundinna lífeyriskerfa og viðkomandi laga, þ.m.t. landsbundinna félags-, vinnu- og skattalaga (lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar). Í titli skjalsins skulu koma fyrir orðin „Lífeyrisyfirlit fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð“.

2. Nákvæm dagsetning sem upplýsingarnar í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð vísa til skal vera sett fram með áberandi hætti.

3. Upplýsingarnar í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð skulu vera nákvæmar og uppfærðar.

4. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal árlega gera lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar tiltækt hverjum rétthafa.

5. Allar verulegar breytingar á upplýsingunum í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð samanborið við fyrri yfirlit skulu koma skýrt fram.

6. Í viðbót við lífeyrisyfirlitið fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar þegar í stað á samningstímanum um sérhverja breytingu er varðar eftirfarandi upplýsingar:

- a) samningsskilmálana, þ.m.t. almenna og sértæka tryggingaskilmála,
- b) heitið á framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, félagsform hans eða heimilisfang aðalskrifstofu hans og, eftir því sem við á, útibúið sem gerði samninginn,
- c) upplýsingar um hvernig fjárfestingarstefnan tekur tillit til umhverfis-, félags- og stjórnmunarþátta.

36. gr.

Lífeyrisyfirlit fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð

1. Lífeyrisyfirlitið fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal innihalda a.m.k. eftirfarandi lykilupplýsingar fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar:

- a) persónuupplýsingar rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og dagsetninguna þegar útgreiðslutímabil getur fyrst hafist fyrir sérhvern undirreikning,

- b) heiti og heimilisfang framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og tilgreiningu á samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð,
- c) aðildarríkið þar sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur starfsleyfi eða er skráður og heiti lögbæru yfirvaldanna,
- d) upplýsingar um spár um lífeyri á grundvelli dagsetningarinnar sem um getur í a-lið, og fyrirvari um að þessar spár kunni að vera frábrugðnar endanlegu virði móttækis lífeyris og annarra réttinda af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Ef spár um lífeyri byggjast á efnahagslegum sviðsmyndum skulu þær upplýsingar einnig innihalda bestu sviðsmynd og óhagstæða sviðsmynd, að teknu tilliti til sérstaks eðlis samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð,
- e) upplýsingar um iðgjöld sem rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða einhver þriðji aðili hefur greitt inn á samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn næstliðna 12 mánuði,
- f) sundurliðun alls, beins og óbeins, kostnaðar rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar næstliðna 12 mánuði, þar sem tilgreindur er stjórnunarkostnaður, vörslukostnaður eigna, kostnaður tengdur viðskiptum eignasafns og annar kostnaður, sem og mat á áhrifunum af kostnaðinum á endanlegan lífeyri og annarra réttinda af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð; slíkan kostnað ætti að setja fram bæði í fjárhæðum og hundraðshlutum af iðgjöldum á næstliðnum 12 mánuðum,
- g) eftir atvikum, eðli og fyrirkomulag tryggingarinnar eða áhættuvarnarinnar sem um getur í 46. gr.,
- h) eftir atvikum, fjölda og virði eininga sem samsvara iðgjöldum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar næstliðna 12 mánuði,
- i) heildarfjárhæðina á samevrópska séreignarsparnaðarreikningi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar daginn sem lífeyrisyfirlitið var gert sem um getur í 35. gr.,
- j) upplýsingar um fyrri árangur fjárfestingarkosts rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem nær a.m.k. yfir 10 ár eða, í því tilviki sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin hefur verið veitt skemur en 10 ár, sem nær yfir öll árin sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin hefur staðið til boða. Upplýsingum um fyrri árangur skal fylgja yfirlýsingin: „fyrri árangur er ekki vísbending um árangur í framtíðinni“,
- k) fyrir samevrópska séreignarsparnaðarreikninga með fleiri en einn undirreikning skal í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð sundurliða upplýsingar um alla undirreikninga sem eru til staðar,
- l) samanteknar upplýsingar um fjárfestingarstefnuna sem tengist umhverfis-, félags- og stjórnunarþáttum.

2. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu og lögbær yfirvöld, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina reglurnar til að ákvarða forsendurnar fyrir spám um væntan lífeyri sem um getur í d-lið 1. mgr. þessarar greinar og í 2. mgr. 34. gr. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu beita þeim reglum til að ákvarða, eftir því sem við á, árlegt nafnvirði ávöxtunar af fjárfestingu, árlega verðbólgu og framtíðarlaunaþróun.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

37. gr.

Viðbótarupplýsingar

1. Í lífeyrisyfirlitinu fyrir samevrópska séreignarsparnaðarafurð skal tilgreint hvar og hvernig unnt sé að afla viðbótarupplýsinga, þ.m.t.:

- a) frekari hagnýtra upplýsinga um réttindi og valkosti rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. að því er varðar fjárfestingar, útgreiðslutímabil, þjónustu við skipti og þjónustu við flutning,
- b) ársreikninga og ársskýrslna framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem eru opinberlega aðgengileg,
- c) skriflegar yfirlýsingar um meginreglur fjárfestingarstefnu framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, sem inniheldur a.m.k. upplýsingar um mæliaðferðir fyrir fjárfestingaráhættu, áhættustýringarferlið sem framkvæmt er og stefnumiðaða eignaskiptingu að því er varðar einkenni og rauntíma skuldbindinga vegna samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, sem og hvernig tekið er tilliti til umhverfis-, félags- og stjórnumarþátta í fjárfestingarstefnunni,
- d) eftir því sem við á, upplýsinga um forsendurnar sem notaðar eru við útreikning á fjárhæðum í formi lífeyris, einkum að því er varðar lífeyrisiðgjöld, tegund framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og tímalengd lífeyrisins,
- e) upphæð lífeyris og annarra réttinda af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, ef um er að ræða innlausn fyrir dagsetninguna sem um getur í a-lið 1. mgr. 36. gr.

2. Til að tryggja samræmi við beitingu 36. gr. og þessarar greinar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir og eftir að hafa gert neytenda- og atvinnugreinaprófun, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru atriðin sem koma eiga fram í upplýsingunum sem um getur í 36.gr. og í þessari grein. Í tengslum við framsetningu upplýsinganna um fyrri árangur eins og um getur í j-lið 1. mgr. 36. gr., skal taka tillit til mismunarins á milli fjárfestingarkostanna, einkum ef rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ber fjárfestingaráhættu eða ef fjárfestingarkosturinn er háður aldri eða felur í sér rauntímajöfnun.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

3. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. 34. gr. og d-lið 1. mgr. 36. gr., og til að samnburður við landsbundnar afurðir sé mögulegur, geta aðildarríki krafist framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um að útvega rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar viðbótarspár um lífeyri, ef reglurnar sem ákvarða forsendurnar eru settar af viðkomandi aðildarríkjum.

38. gr.

Upplýsingar sem skal veita rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í aðdraganda starfsloka og lífeyrisþegum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð á útgreiðslutímabilinu

1. Tveimur mánuðum fyrir dagsetninguna sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 59. gr. eða að beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar veita hverjum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, til viðbótar við lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, upplýsingar um komandi upphaf útgreiðslutímabilsins, mögulegar aðferðir við útgreiðslu og möguleikann fyrir rétthafann til að breyta útgreiðsluáðferðinni í samræmi við 1. mgr. 59.

2. Á útgreiðslutímabilinu skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar árlega veita lífeyrisþegum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð upplýsingar um lífeyrinn og önnur réttindi af samevrópskri séreignarsparnaðarafurð sem er til greiðslu og tilsvarende útgreiðsluáðferð.

Ef rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar heldur áfram að greiða iðgjöld eða bera fjárfestingaráhættu á útgreiðslutímabilinu skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar halda áfram að veita lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem inniheldur viðeigandi upplýsingar.

39. gr.

Upplýsingar sem skal veita að beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og lífeyrisþega í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð

Að beiðni rétthafa eða lífeyrisþega í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð eða fulltrúa þeirra skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar veita viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 37. gr. og viðbótarupplýsingar um forsendurnar sem liggja til grundvallar spánum sem um getur í d-lið 1. mgr. 36. gr.

V. ÞÁTTUR

Skýrslugjöf til landsyfirvalda

40. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu láta lögbærum yfirvöldum sínum í té upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru í tilgangi eftirlits, í viðbót við upplýsingar sem veittar eru samkvæmt viðkomandi sérlögum. Viðbótarupplýsingarnar skulu innihalda, eftir atvikum, upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sinna eftirfarandi viðfangsefnum þegar eftirlitsferlið er framkvæmt:

- a) mati á stjórnkerfi framleiðenda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, starfseminni sem þeir leggja stund á, matsreglunum sem beitt er í tilgangi gjaldþols, áhættunni sem þeir standa frammi fyrir og áhættustjórnunarkerfinu, og fjármagnsuppyggingu þeirra, þörfum og stjórnun,
- b) viðeigandi ákvarðanatöku sem leiðir af beitingu eftirlitsréttinda og -skyldna þeirra.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu, í viðbót við valdheimildirnar sem þeim eru veittar samkvæmt landslögum, hafa eftirfarandi valdheimildir:

- a) til að ákvarða um eðli, umfang og snið upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., sem þau krefja framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um að leggja fram með fyrirframskilgreindu millibili, þegar fyrirframskilgreindir atburðir gerast eða meðan á rannsókn stendur varðandi aðstæðurnar sem framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar býr við,
- b) til að afla frá framleiðendum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sérhverra upplýsinga varðandi samninga sem eru í vörslu framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða varðandi samninga sem gerðir eru við þriðju aðila og
- c) til að krefjast upplýsinga frá utanaðkomandi sérfræðingum, t.d. endurskoðendum og tryggingafræðingum.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ná yfir eftirfarandi:

- a) eigindlega og meginndlega þætti, eða hvers konar viðeigandi samsetningu af þeim,

- b) sögulega, núverandi eða væntanlega þætti, eða hvers konar viðeigandi samsetningu af þeim,
- c) gögn frá innri eða utanaðkomandi heimildum, eða hvers konar viðeigandi samsetning af þeim.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu:

- a) endurspegla eðli, umfang og flækjustig í starfsemi hlutaðeigandi framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, og einkum áhættuna sem innbyggð er í þeirri starfsemi,
- b) vera aðgengilegar, heildstæðar í öllum veigamiklum atriðum, samanburðarhæfar og samkvæmar til lengri tíma,
- c) viðeigandi, áreiðanlegar og skiljanlegar.

5. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu árlega láta lögbærum yfirvöldum í té eftirfarandi upplýsingar:

- a) fyrir hvaða aðildarríki framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður undirreikninga,
- b) fjölda tilkynninga, í samræmi við 1. mgr. 20. gr., sem mótteknar hafa verið frá rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem flutt hafa búsetu til annars aðildarríkis,
- c) fjölda beiðna um opnun undirreiknings og fjölda undirreikninga sem opnaðir hafa verið í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
- d) fjölda beiðna frá rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um skipti og raunverulegar yfirfærslur sem gerðar voru í samræmi við a-lið 5. mgr. 20. gr.,
- e) fjölda beiðna frá rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um skipti og raunverulegar yfirfærslur sem gerðar voru í samræmi við 3. mgr. 52. gr.

Lögbæru yfirvöldin skulu áframsenda upplýsingarnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

6. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu hafa viðeigandi kerfi og skipulag til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. til 5. gr., sem og skriflega stefnu, sem stjórn, eftirlitsstjórn eða framkvæmdastjórn framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar hefur samþykkt, sem tryggir að upplýsingarnar sem lagðar eru fram séu áfram viðeigandi.

7. Eftir beiðni til lögbæru yfirvaldanna og til að sinna þeim skyldum sem henni eru falin með þessari reglugerð, skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa aðgang að upplýsingunum sem framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar leggja fram.

8. Ef iðgjöld samevrópskar séreignarsparnaðarafurðar og réttindi í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð uppfylla kröfur um ívilnanir eða hvata skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, í samræmi við viðkomandi landslög, láta viðkomandi landsyfirvöldum í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að veita slíkar ívilnanir eða hvata, eða krefjast endurgreiðslu ívilnana og hvata sem hann hefur fengið, í tengslum við slík iðgjöld og réttindi, eftir atvikum.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 72. gr. til að bæta við þessa reglugerð, með því að tilgreina viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. til 5. mgr. þessarar greinar, í því skyni að tryggja upp að vissu marki samleitni eftirlitsskýrslugjafar.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við hinar evrópsku eftirlitsstofnanirnar og lögbæru yfirvöldin og eftir að hafa gert atvinnugreinaþrófun, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum að því er varðar snið eftirlitsskýrslugjafar.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

V. KAFLI

SÖFNUNARTÍMABIL

1. HLUTI

Fjárfestingarreglur fyrir framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

41. gr.

Fjárfestingarreglur

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fjárfesta eignirnar sem samsvara samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni í samræmi við „skynsemisregluna“ og einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

- við fjárfestingar í eignunum skal hafa langtímahagsmuni allra rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða aðilinn sem stýrir safni hans, sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
- framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu, á grundvelli skynsemisreglunnar, taka tillit til áhættu sem tengist fjárfestingarákvörðunum og mögulegra langtímaáhrifa þeirra á umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti,
- fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt,
- fyrst og fremst skulu eignirnar fjárfestar á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum sem ekki eru teknar til viðskipta á skipulegum fjármálamarkaði, skal haldið innan varfærnismarka,
- fjárfesting í afleiðugerningum skal möguleg að því marki sem slíkir gerningar geta dregið úr fjárfestingaráhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafns. Þessa gerninga skal meta á grundvelli varfærni, með hliðsjón af hinni undirliggjandi eign, og þá skal fella inn í matið á eignum framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,

- f) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreyttar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum sem gefnar eru út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu skulu ekki leiða til þess að framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eigi á hættu að verða fyrir óhóflegri áhættusamþjöppun,
 - g) ekki skal fjárfesta eignirnar innan lögsögu sem er ósamvinnuþýð í skattalegu tilliti og tilgreind er í gildandi ályktunum ráðsins í skránni yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti, né innan áhættusams þriðja lands með annmarka í stefnu sem tilgreint er í gildandi framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var á grundvelli 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849,
 - h) framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ekki stofna sér og eignunum sem samsvara samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni í hættu vegna óhóflegrar skuldsetningar og óhóflegrar breytingar á líftíma.
2. Reglurnar sem settar eru fram í a- til h-lið 1. mgr. gilda eingöngu að því marki að ekki séu strangari ákvæði í viðkomandi sérlögum sem gilda um framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

II. HLUTI

Fjárfestingarkostir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar

42. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta boðið rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar allt að sex fjárfestingarkosti.
2. Fjárfestingarkostirnir skulu innihalda samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurð og mega einnig innihalda aðra fjárfestingarkosti.
3. Allir fjárfestingarkostir skulu hannaðir af framleiðendum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á grundvelli tryggingar eða aðferðar til mildunar áhættu sem tryggir nægjanlega vernd fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
4. Veiting trygginga skal falla undir viðkomandi sérlög sem gilda um framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.
5. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem um getur í c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 6. gr. geta boðið samevrópska séreignarsparnaðarafurð með tryggingu eingöngu með því að vera í samstarfi við lánastofnanir eða váttryggingafélög sem boðið geta slíkar tryggingar samkvæmt þeim sérlögum sem um þau gilda. Þessar stofnanir eða félög skulu ein bera ábyrgð á tryggingunni.

43. gr.

Val rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á fjárfestingarkosti

Eftir að hafa fengið viðkomandi upplýsingar og ráðgjöf skal rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar velja fjárfestingarkost þegar samningurinn um samevrópska séreignarsparnaðarafurð er gerður.

44. gr.

Skilyrði fyrir breytingu á völdum fjárfestingarkosti

1. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar veitir aðra fjárfestingarkosti skal rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, meðan uppsöfnun á sér stað í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni, geta valið annan fjárfestingarkost a.m.k. fimm árum eftir að gengið var frá samningnum um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og, ef um er að ræða síðari breytingar, fimm árum eftir síðustu breytingu á fjárfestingarkosti. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur heimilað rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að breyta valda fjárfestingarkostinum oftár.

2. Breyting á fjárfestingarkosti skal vera án endurgjalds fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

45. gr.

Samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin

1. Samevrópska grunnséreignarsparnaðarafurðin skal vera áreiðanleg afurð og standa fyrir sjálfgefinn fjárfestingarkost. Hún skal hönnuð af framleiðendum samevrópskra séreignarsparnaðarafurða á grundvelli tryggingar á því fjármagni sem er til greiðslu við upphaf útgreiðslutímabilsins og á útgreiðslutímabilinu, eftir atvikum, eða aðferðar til mildunar áhættu sem er í samræmi við markmiðið um að rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geti endurheimt fjármagnið.
2. Kostnaður og gjöld fyrir samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina skal ekki fara yfir 1% af uppsafnaða fjármagninu á ári.
3. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á milli mismunandi framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og mismunandi tegunda af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina tegundir kostnaðar og gjalda sem um getur í 2. mgr., að höfðu samráði við aðrar Evrópskar eftirlitsstofnanir, eftir atvikum.

Þegar drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum eru samin skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin taka tillit til hinna ýmsu mögulegu tegunda af samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum, langtímamarkmiðs samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar um lífeyri og ýmissa mögulegra eiginleika samevrópskra séreignarsparnaðarafurða, einkum útgreiðslna í formi lífeyris til langs tíma eða árlegra úttekta þar til a.m.k. aldri sem samsvarar meðallífslíkum rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar er náð. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal einnig meta sérkenni fjármagnsverndarinnar með sérstöku tilliti til fjármagnstryggingarinnar. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

4. Annað hvert ár frá því að þessi reglugerð kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og, eftir atvikum, aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir, endurskoða hvort prósentugildið sem um getur í 2. mgr. sé fullnægjandi. Framkvæmdastjórnin skal einkum taka tillit til raunkostnaðar og breytinga á raunkostnaði og -gjöldum og áhrifanna á tiltækileika samevrópskra séreignarsparnaðarafurða.

Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 72. gr. og til að breyta prósentugildinu sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í ljósi endurskoðunar sinnar, í því skyni að heimila viðeigandi markaðsaðgang fyrir framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

46. gr.

Aðferðir til að milda áhættu

1. Notkun aðferða til að milda áhættu skal tryggja að fjárfestingaráætlunin fyrir samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina sé hönnuð í þeim tilgangi að byggja upp stöðugar og fullnægjandi einstaklingsbundnar eftirlaunatekjur í framtíðinni frá samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni og tryggja sanngjarna meðferð allra kynslóða rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

Allar aðferðir til að milda áhættu, hvort heldur sem beitt er í tengslum við samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina eða fyrir aðra fjárfestingarkosti skulu vera áreiðanlegar, traustar og samkvæmar með áhættusniðinu á tilsvarende fjárfestingarkosti.

2. Gildandi aðferðir til að milda áhættu geta innihaldið m.a. ákvæði:

- a) um að aðlagja smám saman úthlutun fjárfestinga til að draga úr fjárhagslegri áhættu af fjárfestingum fyrir hópa með hliðsjón af þeim tíma sem eftir er í lífsferilssparnaði fram að töku lífeyris (e. *life-cycling*),

- b) um að koma upp varasjóðum af iðgjöldum eða fjárfestingarávöxtun, sem úthluta skal rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á sanngjarnan og gagnsæjan hátt, til að draga úr tapi af fjárfestingum, eða
- c) um notkun viðeigandi trygginga til verndar gegn fjárfestingatapi.

3. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir, og eftir að hafa gert atvinnugreinaprófun, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina lágmarksviðmiðin sem áhættuvarnarnar verða að uppfylla, að teknu tillit til ýmissa tegunda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða og sérkenna þeirra, sem og ýmissa tegunda framleiðenda samevrópskra séreignarsparnaðarafurða og mismunarins á milli varfærnisreglna þeirra.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

III. HLUTI

Aðrir þættir söfnunartímabils

47. gr.

Skilyrði sem tengjast söfnunartímabili

1. Skilyrðin sem tengjast söfnunartímabili landsbundnu undirreikninganna skulu ákvörðuð af aðildarríkjunum nema þau séu tilgreind í þessari reglugerð.
2. Slík skilyrði geta innihaldið tiltekin aldurstakmörk fyrir að hefja söfnunartímabilið, lágmarkstímalengd söfnunartímabilsins, hámarks- og lágmarksfjárhæð iðgjalda og samfellu þeirra.

VI. KAFLI

FJÁRFESTAVERND

48. gr.

Vörsluaðili

1. Framleiðendur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem um getur í c-, e- og f-lið 1. mgr. 6. gr. skulu tilnefna einn eða fleiri vörsluaðila fyrir vörslu á eignum í tengslum við starfsemina við veitingu samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og eftirlitsskyldur.
2. Að því er varðar tilnefninguna á vörsluaðilanum skal, vegna framkvæmdar verkefna hans í tengslum við vörslu vörsluaðilans á eignum og skuldum og fyrir eftirlitsskyldur vörsluaðilans, beita IV. kafla tilskipunar 2009/65/EB til samræmis við það.

49. gr.

Tryggingavernd fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta boðið samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir með möguleika á tryggingavernd fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna.
2. Tryggingavernd fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna skal falla undir viðkomandi sérlög sem gilda um framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar. Tryggingaverndin fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna getur verið mismunandi frá einum undirreikningi til annars.
3. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem um getur í a-, c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 6. gr. geta boðið samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir með möguleika á tryggingavernd fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna. Í því tilviki skal tryggingaverndin veitt eingöngu í samstarfi við váttryggingafélög sem veitt geta vernd fyrir þessari áhættu samkvæmt sérlögunum sem um þau gilda. Váttryggingafélagið skal bera fulla ábyrgð á tryggingaverndinni fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna.

50. gr.

Kvartanir

1. Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskra séreignarsparnaðarafurða skulu koma á og beita fullnægjandi og árangursríkum málsmeðferðum fyrir úrlausn kvartana sem lagðar eru fram af viðskiptavinum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð varðandi réttindi og skyldur þeirra samkvæmt þessari reglugerð.
2. Þessum málsmeðferðum skal beitt í öllum aðildarríkjum þar sem framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópskra séreignarsparnaðarafurða býður þjónustu sína og skal vera aðgengileg á opinberu tungumáli viðkomandi aðildarríkis sem valið er af viðskiptavininum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð, eða á öðru tungumáli ef framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópskra séreignarsparnaðarafurða og viðskiptavinurinn í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð koma sér saman um það.
3. Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskra séreignarsparnaðarafurða skulu eftir fremsta megni reyna, annaðhvort rafrænt eða á öðrum varanlegum miðli í samræmi við 24. gr., að svara kvörtunum viðskiptavinarins í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Í svarinu skal taka á öllum þeim atriðum sem minnst er á, innan fullnægjandi tímaramma og eigi síðar en innan 15 virkra daga frá viðtöku kvörtunarinnar. Við sérstakar aðstæður, ef ekki er mögulegt að svara innan 15 virkra daga af ástæðum sem framleiðandi eða dreifingaraðili samevrópskra séreignarsparnaðarafurða fær ekki við ráðið, skal hann senda bráðabirgðasvar þar sem settar eru fram með skýrum hætti ástæðurnar fyrir því að svar við kvörtuninni tefjist og tilgreina frestinn sem hann gefur sér til að veita viðskiptavini í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð lokasvar. Fresturinn til að fá lokasvarið skal undir engum kringumstæðum vera lengri en 35 virkir dagar.
4. Framleiðendur og dreifingaraðilar samevrópskra séreignarsparnaðarafurða skulu upplýsa viðskiptavin í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð um a.m.k. einn aðila fyrir lausn deilumála utan dómstóla sem er til þess bær að fjalla um deilumál er varða réttindi og skyldur viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð samkvæmt þessari reglugerð.
5. Upplýsingarnar um verklagsreglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu settar fram á skýran, skiljanlegan og aðgengilegan hátt á vefsetri framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, í útibúinu, og í almennum skilmálum samningsins milli framleiðanda eða dreifingaraðila samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og viðskiptavinarins í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð. Þær skulu tilgreina með hvaða hætti unnt er að nálgast frekari upplýsingar um hlutaðeigandi aðila fyrir lausn deilumála utan dómstóla og skilyrðin sem gilda um að nota hann.
6. Lögbær yfirvöld skulu koma á verklagsreglum sem gera viðskiptavinum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum, kleift að leggja fram kvartanir til lögbæru yfirvaldanna að því er varðar meint brot framleiðenda og dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar á þessari reglugerð. Ávallt skal veita svar þeim sem leggja fram kvörtun.
7. Í málum sem varða fleiri en eitt aðildarríki getur viðkomandi kærandi valið að leggja fram kvörtun fyrir milligöngu lögbæru yfirvaldanna í búsetuaðildarríki hans eða hennar, án tillits til þess hvar brotið átti sér stað.

51. gr.

Úrlausn utan réttar

1. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB ⁽²¹⁾ skal koma á fullnægjandi, óháðum, hlutlausum, gagnsæjum og skilvirkum verklagsreglum fyrir lausn deilumála utan dómstóla sem rísa samkvæmt þessari reglugerð milli viðskiptavina í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð og framleiðenda eða dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar varðandi réttindi og skyldur, með því að nota núverandi lögbærar stofnanir eftir því sem við á. Slíkar verklagsreglur fyrir lausn deilumála utan dómstóla skulu gilda um, og valdsvið viðkomandi aðila fyrir lausn deilumála utan dómstóla skal í reynd ná yfir, framleiðendur eða dreifingaraðila samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem málsmeðferðirnar eru hafnar gegn.

2. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. skulu starfa saman með skilvirkum hætti að lausn deilumála yfir landamæri varðandi réttindi og skyldur sem rísa samkvæmt þessari reglugerð.

VII. KAFLI

SKIPTI Á FRAMLEIÐENDUM SAMEVRÓPSKRA SÉREIGNARSPARNAÐARAFURÐA

52. gr.

Veiting þjónustu við skipti

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu veita þjónustu við skipti sem felur í sér að yfirfæra, að fenginni beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, tilvarandi fjárhæðir eða, eftir atvikum, eignir í fríðu í samræmi við 4. mgr., af samevrópskum séreignarsparnaðarreikningi hjá yfirfærsluframleiðanda inn á nýjan samevrópskan séreignarsparnaðarreikning með sömu undirreikningum sem stofnaðir eru hjá viðtökuframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem og að loka fyrri samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum.

Þegar þjónusta við skipti er notuð skal yfirfærsluframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar senda allar upplýsingar sem tengjast öllum undirreikningum fyrri samevrópska séreignarsparnaðarreikningsins, þ.m.t. skýrslugjafarkröfur, til viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar. Viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal skrá þær upplýsingar á tilvarandi undirreikninga.

Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur farið fram á skipti til annars framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar með staðfestu í sama aðildarríki (skipti innanlands) eða í öðru aðildarríki (skipti yfir landamæri). Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur nýtt réttinn til að skipta um framleiðendur á söfnunartímabili og útgreiðslutímabili samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal framleiðendum samevrópskra séreignarsparnaðarafurða ekki skylt að veita þjónustu við skipti fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir, á útgreiðslutímabilinu, þegar rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fá útgreiðslur í formi lífeyris til lífstíðar.

3. Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar getur skipt um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eftir að lágmarki fimm ár eru liðin frá gerð samningsins um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, og í tilviki síðari skipta, að fimm árum liðnum frá síðustu skiptum, án þess að hafa áhrif á a-lið 5. mgr. 20. gr. Framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar getur heimilað rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að skipta oftar um framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

4. Þegar skipt er um framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem annast einstaklingsmiðaða stýringu eignasafns fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar geta rétthafar valið að yfirfæra eignir í fríðu eða tilvarandi fjárhæðir. Í öllum öðrum tilvikum skal einungis heimila yfirfærsluna á tilvarandi fjárhæðum.

Skriflegs samþykkis viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal krafist þegar rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fer fram á yfirfærslu eigna í fríðu.

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63).

53. gr.

Þjónusta við skipti

1. Að beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, eftir að hann hefur tekið upplýsta ákvörðun byggða á móttæknum upplýsingum frá framleiðendum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eins og skilgreint er í 56. gr., skal viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar eiga frumkvæði að þjónustu við skipti.
2. Beiðnin frá rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal samin á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem frumkvæði er að þjónustu við skipti, eða hverju því öðru tungumáli sem aðilarnir koma sér saman um. Í beiðninni skal rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar:
 - a) gefa yfirfærsluframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sérstakt samþykki til að annast sérhvert þeirra verkefna sem um getur í 4. mgr. og gefa viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sérstakt samþykki sitt til að annast sérhvert þeirra verkefna sem um getur í 5. mgr.,
 - b) í samráði við viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, tilgreina dagsetninguna þegar greiðslur eiga að hefjast inn á samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn sem stofnaður er hjá viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

Sú dagsetning skal vera a.m.k. tveimur vikum eftir dagsetninguna þegar viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar fær skjölin sem yfirfærð eru frá yfirfærsluframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skv. 4. gr.

Aðildarríki geta farið fram á að beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sé skrifleg og að hann fái afrit af samþykktu beiðninni.

3. Innan fimm virkra daga frá móttöku beiðninnar sem um getur í 2. mgr. skal viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar fara fram á það við yfirfærsluframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar að hann framkvæmi verkefnið sem um getur í 4. mgr.
4. Við móttöku beiðni frá viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal yfirfærsluframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar:
 - a) innan fimm virkra daga, senda lífeyrisyfirlit samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar fyrir tímabilið frá dagsetningu síðasta lífeyrisyfirlits samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til dagsins sem beiðnin var lögð fram, til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og til viðtökuframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
 - b) innan fimm virkra daga, senda skrá yfir fyrirliggjandi eignir sem yfirfærðar eru, ef um er að ræða yfirfærslu á eignum í fríðu eins og um getur í 4. mgr. 52. gr., til viðtökuframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar,
 - c) hætta að taka við inngreiðslum á samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn frá og með deginum sem tilgreindur er af rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í beiðninni sem um getur í b-lið 2. mgr.,
 - d) yfirfæra tilsvarende fjárhæðir, eða eftir atvikum, eignir í fríðu í samræmi við 4. mgr. 52. gr., af samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum og inn á nýja samevrópska séreignarsparnaðarreikninginn sem opnaður var hjá viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, á deginum sem tilgreindur er í beiðni rétthafans,

- e) loka samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum á þeim degi sem réttihafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar tilgreinir, ef sjóðfélaginn er ekki með útistandandi skuldbindingar. Yfirfærsluframleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal án tafar upplýsa réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar ef slíkar útistandandi skuldbindingar koma í veg fyrir að reikningi hans sé lokað.

5. Viðtökuframleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal, eins og mælt er fyrir um í beiðninni og að því marki sem upplýsingarnar frá yfirfærsluframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eða réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar gera honum mögulegt, undirbúa eins og nauðsynlegt er að samþykkja innngreiðslur og móttöku þeirra frá og með þeirri dagsetningu sem réttihafinn tilgreinir í beiðninni.

54. gr.

Þóknanir og gjöld tengd þjónustu við skipti

1. réttihafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fá aðgang, án endurgjalds, að persónuupplýsingum sínum sem geymdar eru annaðhvort hjá yfirfærsluframleiðanda eða viðtökuframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.
2. Yfirfærsluframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal veita þær upplýsingar sem viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar fer fram á skv. a-lið 4. mgr. 53. gr. án endurgjalds fyrir réttihafann eða viðtökuframleiðandann.
3. Heildarþóknanir og gjöld sem yfirfærsluframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar leggur á réttihafa vegna lokunar samevrópsks séreignarsparnaðarreiknings í hans vörslu skulu takmörkuð við raunverulegan áfallinn stjórnsýslukostnað framleiðandans og ekki fara yfir 0,5% af tilsvarende fjárhæðum eða peningalegu virði eignanna sem yfirfæra á í fríðu til viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar.

Aðildarríki geta ákvarðað lægri prósentu þóknana og gjalda eins og um getur í fyrstu undirgrein og aðra prósentu þegar framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar heimilar réttihöfum að skipta um framleiðanda oft en um getur í 3. mgr. 52. gr.

Yfirfærsluframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal ekki innheimta neinar viðbótarþóknanir eða -gjöld af viðtökuframleiðanda.

4. Viðtökuframleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar er einungis heimilt að innheimta raunverulegan stjórnunar- og færslukostnað fyrir þjónustu við skipti.

55. gr.

Vernd réttihafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar gegn fjárhagstjóni

1. Sérhvert fjárhagstjón, þ.m.t. þóknanir, gjöld og vextir, sem réttihafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar verður fyrir og stafar beinlínis af því að framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem tekur þátt í ferlinu við skiptin hefur ekki farið að skuldbindingum sínum skv. 53. gr., skal án tafar fá endurgreitt frá þeim framleiðanda.
2. Bótaábyrgð skv. 1. mgr. gildir ekki í þeim tilvikum þegar um er að ræða óeðlilegar eða ófyrirsjáanlegar aðstæður sem framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar sem ber fyrir sig þessar aðstæður hefur engin áhrif á og hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess, eða þegar framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar er bundinn öðrum lagaskyldum sem falla undir löggjöf Sambandsins eða landslög.

3. Bótaábyrgð skv. 1. mgr. skal komið á í samræmi við lagaskilyrði sem gilda á landsvísu.
4. Rétthafi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal bera áhættuna af fjárhagstjóni sem tengist innlausn réttinda sem eru inni á samevrópska séreignarsparnaðarreikningnum að því er varðar yfirfærslu þeirra frá yfirfærsluframleiðanda til viðtökuframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eins og um getur í 4. mgr. 52. gr.
5. Yfirfærsluframleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal ekki skylt að hafa höfuðstólsvernd eða tryggingu á þeim tíma sem yfirfærslan á sér stað.

56. gr.

Upplýsingar um þjónustu við skipti

1. Framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu veita rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar eftirfarandi upplýsingar um þjónustu við skipti til að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun:
 - a) hlutverk yfirfærslu- og viðtökuframleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar í hverjum áfanga í ferlinu við skiptin, eins og sett er fram í 53. gr.,
 - b) tímarammann til að ljúka hverjum áfanga,
 - c) þóknanir og gjöld sem koma til greiðslu fyrir skiptin,
 - d) möguleg áhrif skiptanna, einkum á höfuðstólsverndina eða trygginguna, og aðrar upplýsingar sem varða þjónustu við skipti,
 - e) upplýsingar um möguleikann á yfirfærslu eigna í fríðu, ef við á.

Viðtökuframleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skal uppfylla kröfurnar í IV. kafla.

Viðtökuframleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skal, eftir atvikum, upplýsa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um sérhvert ábyrgðarkerfi sem er til staðar, þ.m.t. innstæðutryggingakerfi, bótakerfi fyrir fjárfesta eða váttryggingaábyrgðarkerfi, sem nær yfir þann rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu vera aðgengilegar á vefsetri framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar. Einnig skulu þær veittar rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að fenginni beiðni þar um, í samræmi við kröfurnar í 24. gr.

VIII. KAFLI

ÚTGREIÐSLUTÍMABIL

57. gr.

Skilyrði sem tengjast útgreiðslutímabili

1. Skilyrðin sem tengjast útgreiðslutímabilinu og útgreiðslum af landsbundnu undirreikningunum skulu ákvörðuð af aðildarríkjunum nema þau séu tilgreind í þessari reglugerð.

2. Slík skilyrði geta einkum tekið til ákvörðunar á lágmarksaldri fyrir upphaf útgreiðslutímabilsins, hámarkstímabili fyrir aðild að samevrópskri séreignarsparnaðarafurð áður en eftirlaunaaldri er náð, sem og skilyrði fyrir innlausn áður en lágmarksaldrinum til að hefja útgreiðslutímabilið er náð, einkum við sérstakra erfiðleika.

58. gr.

Aðferðir við útgreiðslu

1. Framleiðendur samevrópskra séreignarsparnaðarafurða skulu bjóða upp á eina eða fleiri eftirfarandi aðferðir við útgreiðslu til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar:

- a) lífeyri,
- b) eingreiðslu,
- c) úttektargreiðslur,
- d) samsetningu ofangreindra forma.

2. rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu velja útgreiðsluaðferð fyrir útgreiðslutímabilið þegar þeir gera samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð og þegar þeir óska eftir að stofnaður verði nýr undirreikningur. Útgreiðsluaðferðir kunna að vera ólíkar frá einum undirreikningi til annars.

3. Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. þessarar greinar eða 57. eða 59. gr. geta aðildarríki samþykkt ráðstafanir til að forgangsraða tilteknum útgreiðsluaðferðum. Slíkar ráðstafanir geta tekið til magntakmarkana á eingreiðslur til að hvetja frekar til annarra útgreiðsluaðferða sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Slíkar magntakmarkanir skulu eingöngu gilda um útgreiðslur sem samsvara uppsöfnuðu fjármagni á undirreikningum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem tengjast aðildarríkjum þar sem í landslögum eru settar magntakmarkanir á eingreiðslur.

4. Aðildarríkjum er heimilt að tilgreina skilyrði fyrir því að ívilnanir og hvatar sem veitt hafa verið skuli endurgreidd þeim.

59. gr.

Breytingar á aðferðunum við útgreiðslu

1. Ef framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar býður upp á mismunandi aðferðir við útgreiðslu skal rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar heimilað að breyta útgreiðsluaðferðinni fyrir hvern undirreikning sem opnaður er:

- a) einu ári áður en útgreiðslutímabil hefst,
- b) við upphaf útgreiðslutímabils,
- c) þegar skipti eiga sér stað.

Breytingin á útgreiðsluaðferðinni skal vera án endurgjalds fyrir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar.

2. Að fenginni beiðni rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar um að breyta útgreiðsluaðferð hans skal framleiðandi samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar veita rétthafanum upplýsingar á skýru og skiljanlegu formi um kostnaðinn vegna slíkrar breytingar fyrir hann eða lífeyrisþega samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, einkum að því er varðar sérhver áhrif á landsbundna hvata sem hugsanlega gilda um undirreikninga samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem tilheyra rétthafanum.

60. gr.

Skipulagning eftirlauna og ráðgjöf um útgreiðslur

1. Að því er samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðina varðar skal framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, við upphaf útgreiðslutímabilsins, bjóða rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einstaklingsbundna skipulagningu eftirlauna á grundvelli sjálfbærrar nýtingar fjármagnsins sem safnað hefur verið á undirreikninga samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, a.m.k. að teknu tillit til:

- a) virðis uppsafnaðs fjármagns á undirreikningum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
- b) heildarfjárhæðar annarra uppsafnaðra eftirlaunaréttinda, og
- c) lífeyristengdra krafna og þarfa rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar til langs tíma.

2. Við skipulagningu eftirlauna sem um getur í 1. mgr. skal veita rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar einstaklingsbundnar ráðleggingar um ákjósanlega aðferð við útgreiðslu fyrir hann eða hana, nema í því tilviki þegar einungis ein útgreiðsluaðferð er í boði. Ef eingreiðsla er ekki í samræmi við lífeyristengdar þarfir rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar skulu fylgja ráðgjöfinni upplýsingar um það.

IX. KAFLI

EFTIRLIT

61. gr.

Eftirlit lögbærra yfirvalda og vöktun Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar

1. Lögbær yfirvöld framleiðanda samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar skulu, í samræmi við viðeigandi geiratengdar eftirlitsreglur og -staðla, hafa viðvarandi eftirlit með að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þau skulu einnig bera ábyrgð á eftirliti með að þær skyldur sem settar eru fram í reglum eða stofnsamningum framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar séu uppfylltar og að fyrirkomulag og skipulag framleiðanda sé fullnægjandi að því er varðar þau verkefni sem framkvæma á þegar boðið er upp á samevrópska séreignarsparnaðarafurð.

2. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með séreignarsparnaðarafurðum sem veittar eru eða dreift til að sannreyna að slíkar afurðir séu eingöngu tilgreindar sem „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ eða gefið til kynna að slíkar afurðir séu samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir þegar þær eru skráðar samkvæmt þessari reglugerð.

62. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbæru yfirvöldin hafi allar eftirlits- og rannsóknarheimildir sem þau þurfa til að gegna hlutverki sínu samkvæmt þessari reglugerð.

63. gr.

Heimildir lögbærra yfirvalda til afurðaihlutunar

1. Lögbær yfirvöld geta bannað eða takmarkað markaðssetningu eða dreifingu á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð í eða frá aðildarríki sínu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) lögbæru yfirvöldin eru fullviss um að gild ástæða sé til að halda að samevrópska séreignarsparnaðarafurðin valdi verulegum eða ítrekuðum áhyggjum varðandi vernd sparifjáreigenda eða skapi hættu fyrir eðlilega starfsemi og heilleika fjármálamarkaða eða stöðugleika alls eða hluta fjármálakerfisins í a.m.k. einu aðildarríki,

- b) aðgerðin er hófleg með tilliti til eðlis greindrar áhættu, hæfni hlutaðeigandi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og líklegra áhrifa aðgerðarinnar á rétthafa sem gert hafa samning um samevrópska séreignarsparnaðarafurð,
- c) lögbæru yfirvöldin hafa haft tilhlýðilegt samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum sem aðgerðin getur haft veruleg áhrif á og
- d) aðgerðin mismuni ekki starfsemi eða þjónustu sem er veitt frá öðru aðildarríki.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar geta lögbær yfirvöld lagt á bann eða takmörkun í varúðarskyni, áður en samevrópsk séreignarsparnaðarafurð hefur verið sett á markað eða dreift til rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar. Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem lögbæru yfirvöldin tilgreina.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu ekki leggja á bann eða takmörkun samkvæmt þessari grein nema þau hafi, a.m.k. einum mánuði áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, greint öllum öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, skriflega eða með öðrum hætti sem samkomulag ríkir um, frá:

- a) samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni sem fyrirhuguð aðgerð tengist,
- b) nákvæmu eðli fyrirhugaðs banns eða takmörkunar og hvenær þeim er ætlað að taka gildi og
- c) þeim sönnunargögnum sem ákvörðun þeirra byggir á og gefa þeim gilda ástæðu til að halda að öll skilyrðin í 1. mgr. séu uppfyllt.

3. Í undantekningartilvikum þegar lögbæru yfirvöldin telja nauðsynlegt að grípa til brýnna aðgerða samkvæmt þessari grein til að koma í veg fyrir tjón af völdum samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar, geta lögbæru yfirvöldin gripið til aðgerða til bráðabirgða með minnst 24 klukkustunda skriflegum fyrirvara, áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, til allra annarra lögbærra yfirvalda og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, að því tilskildu að öll skilyrði þessarar greinar séu uppfyllt og auk þess hafi verið sýnt fram á með skýrum hætti að eins mánaðar fyrirvari myndi koma í veg fyrir að tekið væri á fyrirliggjandi vandamáli eða ógn á fullnægjandi hátt. Lögbæru yfirvöldin skulu ekki grípa til bráðabirgða aðgerða til lengri tíma en þriggja mánaða.

4. Lögbæru yfirvöldin skulu birta á vefsetrum sínum tilkynningu um allar ákvarðanir um að leggja á bann eða takmörkun sem um getur í 1. mgr. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um bannið eða takmörkunina, hvenær ráðstafanirnar taka gildi eftir birtingu tilkynningarinnar og þau gögn sem þau byggja það álit sitt á að öll skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda í tengslum við aðgerðir sem gripið er til eftir birtingu tilkynningarinnar.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu afnema bannið eða takmörkunina ef skilyrði 1. mgr. eiga ekki lengur við.

64. gr.

Stuðningur og samræming

1. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til skv. 63. gr. Einkum skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin tryggja að aðgerðir sem lögbært yfirvald grípur til séu réttlætanager og hóflegar og að, eftir því sem við á, lögbær yfirvöld beiti samræmdri nálgun.

2. Að fenginni tilkynningu skv. 63. gr. um bann eða takmörkun sem grípa á til samkvæmt þeirri grein skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gefa út álit á því hvort bannið eða takmörkunin sé réttlætanleg og hófleg. Telji Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að nauðsynlegt sé að önnur lögbær yfírvöld grípi til aðgerða til að bregðast við áhættunni, skal hún taka það fram í álitinu sínu. Álitid skal birt á vefsetri Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

3. Hyggist lögbært yfirvald grípa til, eða grípur til, aðgerða þvert á álit Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skv. 2 mgr., eða lætur hjá líða að grípa til aðgerða þrátt fyrir slíkt álit, skal það þegar í stað birta á vefsetri sínu tilkynningu þar sem ástæður þess eru útskýrðar að fullu.

65. gr.

Heimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar til afurðaihlutunar

1. Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa eftirlit með markaðnum fyrir samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir sem eru markaðssettar, er dreift eða eru seldar í Sambandinu.

2. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að uppfylltum skilyrðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar, tímabundið bannað eða takmarkað í Sambandinu markaðssetningu, dreifingu eða sölu á tilteknum samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum eða samevrópskum séreignarsparnaðarafurðum með tiltekna tilgreinda eiginleika.

Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin tilgreinir.

3. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal að höfðu samráði við hinar evrópsku eftirlitsstofnanirnar, eftir því sem við á, taka ákvörðun skv. 2. mgr. þessarar greinar og eingöngu að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) að fyrirhugaðri aðgerð sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar vernd réttshafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. að því er varðar eðli afurðarinnar, sem er lífeyrissparnaður til langs tíma, eða sé ógn við eðlilega starfsemi og heilleika fjármálamarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,
- b) að kröfur um eftirlit samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um samevrópskar séreignarsparnaðarafurðir taki ekki á ógninni,
- c) að lögbært yfirvald eða lögbær yfírvöld hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin lagt á bann eða takmörkun skv. 2. mgr. í varúðarskyni áður en samevrópsk séreignarsparnaðarafurð hefur verið markaðssett, henni dreift eða hún seld viðskiptavinum í samevrópskri séreignarsparnaðarafurð.

4. Þegar Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal tryggja að aðgerðin:

- a) hafi ekki skaðleg áhrif á skilvirkni fjármálamarkaða eða á réttshafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem eru óhófleg miðað við ávinning aðgerðarinnar, eða
- b) valdi ekki hættu á eftirlitshögnun.

Þegar lögbært yfirvald eða lögbær yfírvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 63. gr. getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gert allar þær ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar án þess að gefa út álitid sem kveðið er á um í 64. gr.

5. Áður en Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaðar aðgerðir.
6. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um allar ákvarðanir um að grípa til aðgerða samkvæmt þessari grein. Þær tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingar um bannið eða takmörkunina og hvenær, eftir birtingu tilkynningarinnar, ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um aðgerðir sem gripið er til eftir að ráðstafanirnar öðlast gildi.
7. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 2. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Ef bann eða takmörkun er ekki endurnýjuð eftir þriggja mánaða tímabil skal það falla úr gildi.
8. Sérhver aðgerð sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til samkvæmt þessari grein skal ganga framur öllum fyrri aðgerðum sem lögbært yfirvald hefur áður gripið til.
9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 72. gr. til að bæta við þessa reglugerð viðmiðunum og þáttum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin á að beita við ákvörðun um hvenær um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar vernd rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, þ.m.t. að því er varðar eðli afurðarinnar, sem er lífeyrissparnaður til langs tíma, eða ógn við eðlilega virkni og heilleika fjármálamarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta fjármálakerfis Sambandsins sem um getur í a-lið 3. mgr. þessarar greinar.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

- a) hversu flókin samevrópska séreignarsparnaðarafurðin er með hliðsjón af tilteknum hópi rétthafa samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar sem þær eru markaðssettar eða seldar til,
- b) hversu mikið nýnæmi felst í samevrópski séreignarsparnaðarafurð, starfsemi eða framkvæmd,
- c) áhættunnar sem samevrópski séreignarsparnaðarafurð eða framkvæmdin felur í sér,
- d) eðlilegrar virkni og heilleika fjármálamarkaða, umfangs eða heildarfjárhæðar uppsafnaðs fjármagns í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni.

66. gr.

Samstarf og samræmi

1. Hvert lögbært yfirvald skal stuðla að samræmdri beitingu þessarar reglugerðar í öllu Sambandinu.
2. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa með sér samstarf í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽²²⁾, tilskipun 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341.
3. Lögbæru yfirvöldunum og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni ber að hafa með sér samstarf í þeim tilgangi að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1094/2010.
4. Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu skiptast á öllum upplýsingum og gögnum sem þörf er á til að þeir aðilar geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1094/2010, einkum til að greina og ráða bót á brotum á þessari reglugerð.

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

5. Til að tryggja samræmi við beitingu á þessari grein skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina einstök atriði samstarfsins og skipti á upplýsingum, ásamt kröfum sem þörf er á til að leggja fram upplýsingarnar hér að ofan á stöðluðu og samanburðarhæfu formi.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 15. ágúst 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

X. KAFLI

VIÐURLÖG

67. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlitsheimildir lögbæra yfirvalda og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum, skulu aðildarríki setja reglur um viðeigandi stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir sem gilda um brot á þessari reglugerð og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra. Stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

Aðildarríki geta ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög sem um getur í fyrstu undirgrein vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra.

Daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um reglurnar sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

2. Stjórnsýsluviðurlögin og aðrar ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 3. mgr. skulu gilda um a.m.k. aðstæður þar sem:

- a) fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og um getur í 1. mgr. 6. gr. hefur fengið skráningu á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða með öðrum óeðlilegum hætti í bága við 6. og 7. gr.,
- b) fyrirtæki á fjármálamarkaði eins og um getur í 1. mgr. 6. gr., býður, og í framhaldinu dreifir, afurðum sem merktar eru „samevrópsk séreignarsparnaðarafurð“ eða „PEPP“ án tilskilinnar skráningar,
- c) framleiðandi samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar hefur ekki boðið þjónustu við flutning í bága við 18. eða 19. gr. eða veitt upplýsingar um þá þjónustu eins og krafist er skv. 20. og 21. gr., eða ekki uppfyllt kröfurnar og skuldbindingarnar sem settar eru fram í IV. kafla, V. kafla, 48. og 50. gr. og VII. kafla,
- d) fjárvörslufyrirtæki hefur ekki staðið við eftirlitsskyldur sínar skv. 48. gr.

3. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög, sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi valdheimildir til að leggja á a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir í tengslum við aðstæðurnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar:

- a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir deili á einstaklingnum eða lögaðilanum og eðli brotsins í samræmi við 69. gr.,

- b) skipun til þess einstaklings eða lögaðila um að hætta framferðinu sem veldur brotinu og um að endurtaka það ekki,
- c) tímabundið bann gegn því að sérhver aðili í stjórn, eftirlitsstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis á fjármálamarkaði eða annar einstaklingur sem talinn er ábyrgur, gegni stjórnunarstörfum í slíkum fyrirtækjum,
- d) að því er varðar lögaðila, hámarksstjórnsýslusekt a.m.k. 5 000 000 evrur, eða í aðildarríkjum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi verðgildi í gjaldmiðli þeirra þann 14. ágúst 2019,
- e) þegar um er að ræða lögaðila, getur hámarksstjórnsýslusekt sem um getur í d-lið verið allt að 10% af heildarveltu á ári samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórn, eftirlitsstjórn eða framkvæmdastjórn. Þegar lögaðilinn er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélagsins sem gera á samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽²³⁾, skal viðkomandi heildarvelta á ári vera heildarveltan á ári eða samsvarandi tegund tekna í samræmi við viðeigandi lagagerðir um reikningsskil samkvæmt síðustu tiltæku samstæðureikningsskilum sem stjórn, eftirlitsstjórn eða framkvæmdastjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt,
- f) þegar um er að ræða einstakling, hámarksstjórnsýslusekt sem nemur a.m.k. 700 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi verðgildi í gjaldmiðli þeirra 14. ágúst 2019,
- g) hámarksstjórnsýslusekt sem er a.m.k. tvöföld fjárhæð ávinningsins sem fæst af brotinu, þegar hægt er að ákvarða þann ávinning, jafnvel þótt hann sé hærri en hámarksfjárhæðirnar í d-, e- eða f-lið, eftir því sem við á.
4. Með sérhverri ákvörðun um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða aðrar ráðstafanir samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. og 3. mgr. skal fylgja rökstuðningur og hún falla undir rétt til áfrýjunar fyrir dómstóli.
5. Við beitingu valdheimilda skv. fyrstu undirgrein 1. mgr. og 3. gr. skulu lögbær yfirvöld starfa náið saman til að tryggja að stjórnsýsluviðurlögin og aðrar ráðstafanir leiði til þeirrar niðurstöðu sem leitast er eftir með þessari reglugerð og samræma aðgerðir sínar til að komast hjá tvíverknaði og skörun þegar stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum er beitt í tilvikum sem ná yfir landamæri.

68. gr.

Beiting valdheimilda til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu beita valdheimildunum til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem um getur í 67. gr. í samræmi við landsbundinn lagaramma sinn:
- a) beint,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

2. Þegar lögbær yfirvöld taka ákvörðun um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana sem lögð eru á skv. 3. mgr. 67.gr., skulu þau taka tillit til allra aðstæðna sem máli skipta, þ.m.t., eftir því sem við á:

- a) hversu umfangsmikið, alvarlegt og varanlegt brotið er,
- b) hversu mikil ábyrgð einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu er,
- c) fjárhagslegs styrks einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð, eins og einkum kemur fram í heildarveltu þegar um er að ræða lögaðila, eða árstekjum og hreinum eignum þegar um einstakling er að ræða,
- d) hagnaðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgðina eða tapsins sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,
- e) taps þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,
- f) umfangs samstarfs einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð við lögbæru yfirvöldin, án þess að hafa áhrif á nauðsyn þess að tryggja að viðkomandi endurgreiði hagnaðinn sem varð til eða tapið sem hann komst hjá,
- g) fyrri brota einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu.

69. gr.

Birting stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana

1. Lögbær yfirvöld skulu án ástæðulausrar tafar birta á opinberu vefsetri sínu sérhverja ákvörðun um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða aðra ráðstöfun fyrir brot á þessari reglugerð, eftir að viðtakanda stjórnsýsluviðurlaganna eða annarrar ráðstöfunar hefur verið tilkynnt um þá ákvörðun.
2. Birtingin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda upplýsingar um tegund og eðli brotsins og deili á einstaklingunum sem ábyrgð bera og álögðu stjórnsýsluviðurlögin eða ráðstafirnar.
3. Ef lögbært yfirvald telur að birting á auðkennum, ef um er að ræða lögaðila, eða á deilum og persónuupplýsingum, ef um er að ræða einstaklinga, sé óhófleg í framhaldi af mati á hverju tilviki fyrir sig, eða ef lögbæra yfirvaldið telur að birtingin stofni stöðugleika fjármálamarkaðanna eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu, skulu lögbær yfirvöld annaðhvort:
 - a) fresta birtingu ákvörðunarinnar um að leggja á stjórnsýsluviðurlögin eða aðra ráðstöfun þar til ástæðurnar fyrir því að birta hana ekki eru ekki lengur til staðar,
 - b) birta ákvörðunina um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða aðra ráðstöfun, en innan hæfilegs frests sleppa að upplýsa um deili og persónuupplýsingar viðtakanda, ef ætla má að innan þess frests ástæðurnar fyrir nafnlausri birtingu verði ekki lengur til staðar og að því tilskildu slík ónafngreind birting tryggji öfluga vernd hlutaðeigandi persónuupplýsinga, eða

c) birta ekki ákvörðunina um að leggja á stjórnsluviðurlög eða aðra ráðstöfun þegar valkostirnir sem settir eru fram í a- og b-lið eru álitnir vera ófullnægjandi til að tryggja:

i. að stöðugleika fjármálamarkaða verði ekki stefnt í tvísýnu,

ii. meðalhóf við birtingu slíkra ákvarðana að því er varðar ráðstafanir sem taldar eru minniháttar.

4. Ef um er að ræða ákvörðun um að birta stjórnsluviðurlög eða aðra ráðstöfun án nafngreiningar eins og um getur í b-lið 3. mgr., má fresta birtingu á viðeigandi gögnum. Þegar ákvörðun um að leggja á stjórnsluviðurlög eða ráðstöfun er skotið til þar til bærís dómsvalds, skulu lögbær yfirvöld án tafar einnig færa þær upplýsingar á opinbert vefsetur sitt og öllum síðari upplýsingum um niðurstöðuna af slíku málskoti. Sérhverja dómsniðurstöðu sem ógildir ákvörðun um að leggja á stjórnsluviðurlög eða aðra ráðstöfun skal einnig birta.

5. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að sérhver birting sem um getur 1.–4. mgr. sé áfram á opinberu vefsetri þeirra í a.m.k. fimm ár eftir birtingu hennar. Persónuupplýsingar sem fram koma í birtingunni skulu eingöngu vera á opinberu vefsetri lögbæru yfirvaldanna eins lengi og nauðsynlegt er í samræmi við gildandi reglur um gagnavernd.

70. gr.

Skylda um framlagningu upplýsinga til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar í tengslum við stjórnsluviðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um öll stjórnsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem lögð eru á en ekki birt í samræmi við c-lið 3. mgr. 69. gr., þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau sem og niðurstöðuna af henni.

2. Lögbær yfirvöld skulu árlega veita Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar sem varða öll stjórnsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem lögð eru á í samræmi við 67. gr.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal birta þær upplýsingar í ársskýrslu sinni.

3. Ef aðildarríki hafa kosið, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 67. gr., að mæla fyrir um refsiviðurlög vegna brota á þessari reglugerð, skulu lögbær yfirvöld þeirra láta Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni árlega í té nafnlaus og samantekin gögn varðandi allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem lögð voru á. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal í ársskýrslu birta nafnlaus gögn um refsiviðurlög sem lögð voru á.

4. Ef lögbær yfirvöld hafa birt upplýsingar um stjórnsluviðurlög, aðra ráðstöfun eða refsiviðurlög opinberlega skulu þau á sama tíma tilkynna þau viðurlög og ráðstöfun til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

XI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

71. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar skulu framleiðendur samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar, dreifingaraðilar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og lögbær yfirvöld inna verkefni sín af hendi að því er varðar þessa reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun 2002/58/EB. Að því er varðar vinnslu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin fara að reglugerð (ESB) nr. 2018/1725.

72. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 40. gr. (9. mgr.), 45. gr. (4. mgr.) og 65. gr. (9. mgr.), til fjögurra ára frá 14. ágúst 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fjögurra ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 40. gr. (9. mgr.), 45. gr. (4. mgr.) og 65. gr. (9. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 40. gr. (9. mgr.), 45. gr. (4. mgr.) eða 65. gr. (9. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

73. gr.

Mat og skýrslugjöf

1. Fimm árum eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda, og fimmta hvert ár þar á eftir, skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat á þessari reglugerð og, að höfðu samráði við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir, eftir því sem við á, leggja fram skýrslu um meginniðurstöðurnar til Evrópuþingsins og ráðsins. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.
2. Skýrslan skal einkum ná yfir eftirfarandi:
 - a) hvernig verklagið við skráningu samevrópskra séreignarsparnaðarafurða hefur reynst, í samræmi við II. kafla,
 - b) flytjanleika, einkum undirreikningana sem tiltækir eru rétt höfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar og möguleika rétt hafans til að halda áfram að leggja inn á síðasta undirreikninginn sem opnaður var, í samræmi við 3. og 4. mgr. 20. gr.,
 - c) þróun samvinnu,
 - d) hvernig þjónusta við skipti hefur reynst og hversu háar þóknanir og gjöld eru,

- e) markaðssókn samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar og áhrifin af þessari reglugerð á veitingu lífeyris í Evrópu, þ.m.t. útskiptingu afurða sem fyrir eru og nýtingu á samevrópsku grunnséreignarsparnaðarafurðinni,
- f) verklagsreglu vegna kvartana,
- g) innleiðinguna á umhverfis-, félags- og stjórnunarþáttum í fjárfestingarstefnu samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar,
- h) hversu háar þóknanir, gjöld og kostnaður eru sem rétthafar samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar standa beint eða óbeint straum af, þ.m.t. mat á mögulegum markaðsbrestum,
- i) reglufylgni framleiðanda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar við þessa reglugerð og staðlana í gildandi sérlögum,
- j) beitingu mismunandi aðferða til mildunar áhættu sem framleiðendur samevrópsku séreignarsparnaðarafurðarinnar nota,
- k) framboð á samevrópskri séreignarsparnaðarafurð samkvæmt frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétti,
- l) hvort ávinningur sé af því að veita væntanlegum rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar upplýsingar um fyrri árangur afurðarinnar, að teknu tillit til upplýsinganna fyrir árangurssviðsmýndirnar sem teknar verða með í samevrópsku séreignarsparnaðarafurðina,
- m) hvort ráðgjöf sem rétthöfum samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar er veitt sé fullnægjandi, einkum varðandi mögulegar aðferðir við útgreiðslu.

Í matinu sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar skal tekið tillit til ástæðna fyrir því að undirreikningar eru ekki opnaðir í tilteknum aðildarríkjum og mat lagt á framvindu og viðleitni framleiðenda samevrópskrar séreignarsparnaðarafurðar að þróa tæknilegar lausnir til að opna undirreikninga.

3. Framkvæmdastjórnin skal koma á sérfræðinefnd viðkomandi hagsmunaaðila til að vakta þróunina og framkvæmdina á samevrópsku séreignarsparnaðarafurðinni á viðvarandi grundvelli. Þeirri sérfræðinefnd skulu, a.m.k., tilheyra fulltrúar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, lögbæru yfirvaldanna, atvinnugreinarinnar og neytenda og óháðir sérfræðingar.

Skrifstofa sérfræðinefndarinnar skal vera hjá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni.

74. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi skal koma til framkvæmda 12 mánuðum eftir birtingu framseldu gerðanna sem um getur í 28. gr. (5. mgr.), 30. gr. (2. mgr.), 33. gr. (3. mgr.), 36. gr. (2. mgr.), 37. gr. (2. mgr.), 45. gr. (3. mgr.) og 46. gr. (3. mgr.) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.